allt

Halldóra Rut Bjarnadóttir:

*Íþrótt sem gefur mér mikið*

• heilsa

Í MIÐJU BLAÐSINS ▶



Baldur Trausti Hreinsson:

*38 ára í dag*

• úr löggunni í leiklistina

SÍÐA 20 ▶



Gaukur Úlfarsson:

*Leikstýrir nýjum sjónvarpsþætti*

• silvía nótt í stað hjartsláttar

SÍÐA 30 ▶



Þórður Guðjónsson:

*Frétti um valið hjá Fréttablaðinu*

• steinhissa á framkomu ksí

SÍÐA 22 ▶



FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

15. mars 2005 – 72. tölublað – 5. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Veffang: visir.is – Sími: 550 5000 vísir

**ÞRIÐJUDAGUR**



**VONBRIGÐI Í BANDARÍKJAFERÐ** Bandarísk stjórnvöld hafa bannað Gerry Adams, leiðtoga Sinn Fein, að taka þátt í fjáröflun í Bandaríkjunum fyrir samtök sín. Hvort tveggja Bandaríkjaforseti og Ted Kennedy neita að hitta hann. Sjá síðu 2

**TELJA KONUR BERA ÁBYRGÐ** Fjórði hver Dani telur að konur sem klæðast flegnum toppum og stuttum pilsum geti sjálfum sér um kennt ef á þær er ráðist og þeim nauðgað. Konur eru frekar þessarar skoðunar en karlar. Sjá síðu 4

**FLEIRI Í IÐNNÁM** Nemendum í iðn- og tæknigreinum hefur fjölgað nokkuð undanfarið eftir samdrátt árin þar á undan. Nokkur ár líða þó áður en nemarnir koma út á vinnumarkaðinn og þangað til verður mikil eftirspurn eftir erlendu starfsfólki. Sjá síðu 6

**VEÐRIÐ Í DAG**




**ÁFRAM BJART OG KALT** en vindurinn verður mun hægari í dag en verið hefur. Stöku él á Norðausturlandi. Frost 2-10 stig, mildast syðst. Sjá síðu 4

**DAGURINN Í DAG**



**TANGÓ Í IÐNÓ** Tangósveit lýðveldisins leikur á Tangókvöldi í Iðnó í kvöld. Skemmtunin hefst klukkan 20.



| | | | |
|---|---|---|---|
| Kvikmyndir | 26 | Myndlist | 24 |
| Tónlist | 24 | Íþróttir | 22 |
| Leikhús | 24 | Sjónvarp | 28 |



**Fjöldi lesenda á þriðjudögum***




*Landið allt skv. fjölmiðlakönnun Gallups, feb. 2005.

# Hóta að vinna ekki með Auðuni

## Fréttamenn á fréttastofu Útvarps eru mjög reiðir útvarpsstjóra og telja hann hafa vegið að starfsheiðri fréttamanna í Kastljóssviðtali. Fréttamenn segjast ekki ætla að vinna með Auðuni Georg Ólafssyni.

**RÍKISÚTVARPIÐ** „Framganga Markúsar í Kastljósi Sjónvarpsins gekk gjörsamlega fram af félagsmönnum í Félagi fréttamanna og mér persónulega þar sem hann gerði lítið úr starfsmönnum sínum og þeirra faglega starfi undanfarin ár,“ segir Jón Gunnar Grjetarsson, formaður Félags fréttamanna.

Fréttamenn á fréttastofu Útvarps ítrekuðu vantraust sitt á Markús Örn Antonsson útvarpsstjóra eftir viðtal sem tekið var við hann í Kastljósi Sjónvarpsins í gær. Þar færði Markús Örn rök fyrir því hvers vegna hann ákvað að ráða Auðun Georg Ólafsson sem næsta fréttastjóra Útvarps. Fréttamenn töldu hins vegar að Markús Örn hefði vegið að þeim með röksemdum sínum.

Jón Gunnar sagði eftir fund fréttamanna í gærkvöldi að ef einhvern tíma hafi verið ástæða til að lýsa yfir vantrausti á útvarpsstjóra vegna framgöngu hans í þessu máli hafi það verið í gærkvöldi í kjölfar yfirlýsinga Markúsar Arnar.

„Fréttamenn munu ekki sitja undir þessu og treysta sér ekki til þess að starfa með Auðuni Georg Ólafssyni komi hann til starfa á fréttastofuna,“ segir Jón Gunnar. Hann segir fréttamenn hafa kappkostað að fjalla ekki um Auðun persónulega en eftir að útvarpsstjóri hafi mært hann á kostnað annarra umsækjenda sem hafi unnið fyrir Útvarpið af heilindum um langt skeið sé fréttamönnum ofboðið.

Jón Gunnar sagðist ekki geta fullyrt um hvort fréttamenn myndu segja upp unnvörpum ef Auðun Georg kæmi til starfa en eitt væri ljóst. „Við störfum ekki með honum. Félagsmenn treysta sér ekki til þess þegar búið er að nánast lýsa frati á þeirra störf.“

Markús Örn svaraði spurningum Sigmars Guðmundssonar og Eyrúnar Magnúsdóttur í Kastljósinu í gærkvöldi. Markús Örn sagði að Ríkisútvarpið næði illa til ungs fólks og væri meðal annars þess vegna gott að fá Auðun Georg, ungan og ferskan mann til starfa.

Aðspurður hvort hann gerði ekki lítið úr reynslu þeirra umsækjenda sem hefðu unnið lengi á fréttastofunni og meðal annars stýrt fréttavöktum svaraði Markús Örn: „Stýra vöktum. Hvað er það mikið atriði fyrir nýjan mann og hvað tekur það langan tíma að læra að stilla upp vöktum.“

Hvorki náðist í Markús Örn né Auðun Georg Ólafsson. **-bþg**



FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

**SLÖKKVILIÐSMENN BÖRÐUST VIÐ SINUBRUNA** Slökkviliðsmenn á höfuðborgarsvæðinu voru kallaðir þrettán sinnum út í gær til að slökkva sinueld. Mikill eldur logaði í sinu í Garðabænum í gærkvöldi og náði eldurinn yfir stórt svæði milli Sjávargrundar og Arnarness. Baráttan við sinuelda var helsti starfi slökkviliðsmanna í gær því útköll vegna annars en sinuelda voru aðeins þrjú.

Fjölmennasti mótmælafundur í sögu Líbanons:

# 800 þúsund minntust Hariri

**BEIRÚT, AP** Miðborg Beirút varð enn einu sinni vettvangur fjölmennra mótmæla í gær þegar allt að 800 þúsund manns söfnuðust þar saman undir kjörorðunum „frelsi, sjálfstæði, fullveldi“. Mánuður er síðan Rafik Hariri, fyrrverandi forsætisráðherra, var myrtur en sá atburður hleypti af stað hrinu mótmæla.

Þeir sem flykktust út á göturnar í gær eru andsnúnir ráðamönnum í Líbanon og hersetu Sýrlendinga í landinu. Fjöldafundurinn er svar þessa hóps við fundi Hizbollah-samtakanna í síðustu viku en þá fyllti hálf milljón sjía götur og torg höfuðborgarinnar.

Í gær var liðinn mánuður síðan Hariri, fyrrverandi forsætisráðherra, var drepinn, og minntist múgurinn þess með nokkurra mínútna langri þögn. Mótmælaspjöld gegn Lahoud forseta voru áberandi, svo og slagorð gegn Sýrlendingum.

Sýrlendingar héldu í gær áfram að draga herlið sitt til baka frá herstöðvum í Líbanon. Þegar hafa 4.000 hermenn verið fluttir yfir landamærin og er búist við að flutningunum verði lokið í júní, rétt áður en Líbanir ganga til þingkosninga.

Sjá síðu 10.



**ICELAND EXPRESS** Bilun í vél olli því að Icelandair flutti farþega Iceland Express.

Strandaglópar:

# Tíu tíma bið á Kastrup

**FLUG** Tíu manns þurftu að bíða í tíu tíma á Kastrup-flugvelli í Kaupmannahöfn í gær vegna bilunar í vél Iceland Express. Um 100 manns áttu pantað flug með vélinni klukkan 12:15 að staðartíma en 90 fengu far með vél Icelandair sem fór rétt fyrir tvö, að sögn Sigurðar Karlssonar hjá Iceland Express.

Sigurður segir þá tíu sem eftir urðu í Kaupmannahöfn hafa boðið sig fram og hafi þeir fengið mat og drykk á meðan þeir biðu. Þeir fóru síðan með kvöldflugi Icelandair um kvöldið. ■

Munaðarleysingjahæli:

# Börn til sölu

**NÍGERÍA** Munaðarleysingjahæli í Nígeríu hefur verið lokað vegna grunsemda um að þar hafi farið fram sala á börnum. Kvenprestur nokkur, sem er eigandi hælisins, eiginmaður hennar og dóttir hafa öll verið handtekin.

Að sögn lögreglu tóku eigendur munaðarleysingjahælisins að sér ógiftar konur á meðan þær voru ófrískar og seldu barnlausum hjónum síðan börnin. Spítalar í Lagos, stærstu borg Nígeríu, áttu einnig hlut að máli. BBC hermir að konunum hafi verið tjáð að börn þeirra yrðu ættleidd eftir opinberum leiðum. Konurnar fengu tæpar 11.000 krónur fyrir börnin en þau voru seld á 60.000 krónur. ■





## SPURNING DAGSINS

*Garðar, verður þú frægur í Kína?*

**Það skyldi þá aldrei vera.**

Garðar Cortes, skólastjóri söngskólans í Reykjavík, var spyrill í spurningakeppni á kristilegu sjónvarpsstöðinni Omega um daginn. Útsending stöðvarinnar nær til milljóna manna, og er meðal annars send út til Kína.

Víðir EA:

# Lenti í ís og landaði í Hafnarfirði

**SJÁVARÚTVEGUR** Hafís, ískrapi og afspyrnuslæmt veður varð til þess að áhöfn frystitogarans Víðis EA varð frá að hverfa þegar hún ætlaði að landa afla sínum á Akureyri í fyrrakvöld. Togarinn var að koma af veiðum í Barentshafi með fullfermi af þorskflökum, alls 1220 tonn.

Sigmundur Sigmundsson yfirstýrimaður sagði þá hafa lent í miklum ískrapa aðfaranótt sunnudags og skyggni hafi verið mjög slæmt en þá voru þeir staddir austur af Norðfjarðardýpi. Þegar skipið var statt um 200 sjómílur austur af Langanesi var veðrið orðið það slæmt að ákveðið var að fara suður í stað þess að berjast norðurfyrir. Sigmundur sagði að mikil ferð hefði verið á ísnum. Skipverjar urðu varir við önnur skip sem voru að basla við Langanesið og sum þeirra hafi einnig þurft frá að hverfa. Sigmundur segir þá aldrei hafa verið í hættu enda sé vel fylgst með á ískortum. Víðir var kominn til hafnar í Hafnarfirði klukkan hálf þrjú í gær. **- sgi**



**VÍÐIR EA**
Víðir EA í höfn í Hafnarfirði í gær.

Utanríkisráðherra:

## Fundaði með starfsbræðrum

**KAUPMANNAHÖFN** Davíð Oddsson utanríkisráðherra var í gær á fundi með utanríkisráðherrum Norðurlandanna í Kaupmannahöfn.

Á fundinum fjölluðu ráðherrarnir um framtíð Atlantshafstengslanna, náttúruhamfarirnar í Suðaustur-Asíu í desember, stöðuna í Mið-Austurlöndum, Írak, Íran og hina svonefndu norðlægu vídd Evrópusambandsins.

Samvinna og samráð utanríkisráðherra Norðurlanda fer ekki fram innan ramma Norrænu ráðherranefndarinnar, en reglulegir fundir ráðherranna eru að jafnaði haldnir tvisvar á ári. **-ghs**



**HAFÍS**
Ísinn á eftir að þéttast töluvert.

Hafís við Norðurland

## Þéttist en bætist ekki við

**HAFÍS** Hafís við Norðurland mun þéttast töluvert, segir Þór Jakobsson veðurfræðingur. Þetta stafar af norðaustanáttinni sem ræður ríkjum þessa dagana. Litlar líkur eru þó á því að meiri ís bætist við þann sem fyrir er heldur fari ísinn sína leið suður Grænlandssund.

Þór telur ekki að ísinn sé á leið suður Austfirði í stórum stíl. Þó nokkur ís er við Hornströnd í utanverðum Húnaflóa. Þór taldi líklegt að ísinn myndi þéttast á þessu svæði og mætti búast við því að lokast gæti fyrir skipaumferð þar. **-sgi**

## LÖGREGLUFRÉTTIR

**DRENGJUM BJARGAÐ AF EYJU**
Björgunarsveitin í Borgarnesi bjargaði tveimur ellefu ára drengjum sem gengið höfðu á ís út í litla eyju til móts við Kveldúlfsgötu í Borgarnesi. Ísinn sem þeir höfðu gengið á hvarf á stuttri stundu og flæða fór að. Björgunarsveitarmenn óðu út í með bát og drógu drengina í land. Drengirnir voru illa klæddir og hefðu ekki komist þetta sjálfir að mati lögreglunnar í Borgarnesi.

**HESTAMAÐUR FLUTTUR MEÐ ÞYRLU**
Maður slasaðist á höfði þegar hann féll af hestbaki við Vík í Mýrdal. Hann var sendur með sjúkrabíl á Hvolsvöll þar sem þyrla Landhelgisgæslunnar náði í hann og flutti til Reykjavíkur.

# Boðar breytingar á Ríkisútvarpinu

**Aðferðir við mannaráðningar innan Ríkisútvarpsins hafa gengið sér til húðar sagði menntamálaráðherra og boðaði nýtt frumvarp um stofnunina í dag. Ögmundur Jónasson sagði ráðherra koma sér hjá því að svara spurningum.**

**RÍKISÚTVARPIÐ** Mikilla breytinga er að vænta á lögum um rekstur Ríkisútvarpsins með nýju frumvarpi sem stjórnarflokkarnir samþykktu í gær. Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir menntamálaráðherra greindi frá frumvarpinu í utandagskrárumræðum um málefni Ríkisútvarpsins í gær.

Þorgerður Katrín vildi ekki ræða frumvarpið efnislega en boðaði miklar breytingar. Hún sagði aðferðir við mannaráðningar innan RÚV hafa gengið sér til húðar og að það lagalega umhverfi sem útvarpið starfi við í dag hamli starfsemi þess. Umræður um frumvarpið fara að öllum líkindum fram í þinginu síðar í vikunni.

Þorgerður sagði þó ákvörðun útvarpsstjóra um ráðningu fréttastjóra standa enda hafi hún verið tekin undir gildandi lögum.

Ögmundur Jónasson þingmaður fór fram á umræðurnar. Hann sagði vanda Ríkisútvarpsins fyrst og fremst fjárhagslegan og stjórnsýslulegan þar sem misbeiting á valdi viðgengist. Hann sagði menntamálaráðherra koma sér hjá því að svara spurningunni um ráðningu fréttastjóra og skýla sér á bak við breytingar sem væri að vænta.

Fyrr í gær funduðu fulltrúar fréttamanna fréttastofu Útvarps með Markúsi Erni Antonssyni útvarpsstjóra.

„Það er engin endanleg niðurstaða komin í málið þannig að við erum hvorki sátt né ósátt með þennan fund," sagði Jón Gunnar Grjetarsson formaður Félags fréttamanna. Jón Gunnar sagði að málið hefði verið rætt ítarlega. Fulltrúar fréttamanna hefðu gert grein fyrir sinni afstöðu og útvarpsstjóri hefði fært röksemdir fyrir ákvarðanatöku sinni.

„Málið er í biðstöðu, sem felst í því að enn hefur ekki verið gengið endanlega frá neinni ráðningu," sagði Jón Gunnar. Spurður hvort vonir manna stæðu til þess að útvarpsstjóri drægi ákvörðun sína til baka sagði Jón Gunnar að vitaskuld vonuðust menn til þess. „Við þurfum að skoða það betur í okkar ranni hvernig við getum komið að því máli. Það er ljóst að allir þurfa að hafa einhvern sigur af þessu þannig að allir geti verið sáttir. Það stendur enn þá samþykkt vantraust á Markús Örn fyrir þessa ákvörðun. Meðan hann breytir henni ekki stendur vantraustsyfirlýsing félagsmanna." **- jss / - sgi**



**FRÉTTAMENN Á FUND**
Tveir fréttamenn Ríkisútvarpsins gengu á fund Markúsar Arnar Antonssonar útvarpsstjóra í gær. Það voru þeir Jón Gunnar Grjetarsson formaður Félags fréttamanna og Broddi Broddason fulltrúi fréttamanna.



**ELDUR ÚT FRÁ POTTI**
Kjallaraíbúð á Mánagötu skemmdist mikið.

Íbúð stórskemmdist:

## Kom heim að alelda íbúð

**ELDSVOÐI** Kjallaraíbúð við Mánagötu skemmdist mikið í eldi sem kviknaði út frá steikingarpotti meðan íbúinn skrapp út í búð eftir vörum sem hann vantaði.

„Ég fann mikinn reykfnyk og hélt fyrst að þetta væri hjá mér en þegar ég fór niður var allt fullt af reyk í kjallaraíbúðinni," sagði Sigurður Ómar Ásgrímsson sem var staddur í íbúð á efri hæðinni. „Ég fór upp að hringja á slökkviliðið og þegar ég kom niður aftur var eldur úti um allt," bætti hann við.

Íbúinn í kjallaraíbúðinni sagðist hafa skroppið frá í smástund og komið að íbúðinni alelda. **- jse**

## ENGLAND

**AXARMORÐ UM HÁBJARTAN DAG**
Sextugur maður var myrtur með öxi í gærmorgun á fjölfarinni götu í miðborg Lundúna. Vegfarendur reyndu að yfirbuga árásarmanninn en án árangurs. Hann er um þrítugt en ekki er vitað hvort hann sé á sakaskrá eða eigi við geðsjúkdóm að stríða.

## SLYS

**SÓTTI SLASAÐAN SJÓMANN**
Sjómaður skarst illa á þremur fingrum þar sem hann var við veiðar á bát um sextíu sjómílur austur af Vestmannaeyjum í gær. Þyrla Landhelgisgæslunnar var send eftir manninum um klukkan þrjú síðdegis og flutti hann á sjúkrahús.






Reiðarslag fyrir Sinn Fein.

# Bannað að afla fjár í Bandaríkjunum

**ÍRLAND** Stjórnvöld í Bandaríkjunum hafa bannað Sinn Fein, stjórnmálaarmi írska lýðveldishersins IRA, að afla fjár þar í landi. Ákvörðunin var tekin vegna grunsemda um þátttöku IRA í skipulagðri glæpastarfsemi.

Leiðtoga Sinn Fein, Gerry Adams, og öðrum félögum í samtökunum hefur verið bannað að taka þátt í fjáröflunum í tengslum við árlega heimsókn þeirra til Bandaríkjanna í tilefni af degi heilags Patreks. Enn fremur hefur George W. Bush Bandaríkjaforseti hætt við að taka á móti Adams í Hvíta húsinu og Edward Kennedy, öldungadeildarþingmaður og þekktasti stjórnmálamaður Bandaríkjamanna af írsku bergi brotinn, hefur aflýst fundi sínum með honum.

Að sögn Lundúnablaðsins The Times vinna bresk stjórnvöld að áætlun sem kemur í veg fyrir að Sinn Fein geti tekið á móti erlendum fjárframlögum. Áætlunin á að vera tilbúin fyrir mánaðamót. Slíkt bann yrði reiðarslag fyrir samtökin.

Kveikjan að þessum aðgerðum er sögð vera hlutdeild hátt settra IRA-manna í morðinu á Robert McCartney í janúar síðastliðnum og ráninu á Northern Bank í Belfast í desember. ■



AP MYND

**ÓVINSÆLL Í AMERÍKU**
Bæði Ted Kennedy og George W. Bush hafa aflýst fundum með Gerry Adams. Í staðinn mun Bush bjóða systkinum Roberts McCartney í Hvíta húsið.

# *Markmið mitt* **er að verða forseti**



***Fermingarglaðningur:***
**Þegar þú gefur fermingarbarninu 5.000 kr. eða meira í inneign á Framtíðarreikning bætir Íslandsbanki 2.000 kr. við.**

*Tilboðið gildir til 31. mars 2005.*

## *Gefðu fermingargjöf sem vex*

- *hæstu vextir bankareikninga*
- *bundinn til 18 ára*
- *verðtryggður*
- *fyrir 15 ára og yngri*
- *engin þjónustugjöld eða þóknun*

Inneign á **Framtíðarreikningi Íslandsbanka** er fermingargjöf sem vex og gerir krökkum dagsins í dag unnt að hrinda markmiðum og draumum framtíðarinnar í framkvæmd. Peningagjöf inn á Framtíðarreikning er frábær gjöf frá ömmum, öfum, frænkum, frændum, systkinum og vinum.

ÍSLANDSBANKI | 100%

## GENGIÐ

**GENGI GJALDMIÐLA 14.03.2005**

| | | KAUP | SALA |
|---|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | USD | 58,69 | 58,97 |
| Sterlingspund | GBP | 112,62 | 113,16 |
| Evra | EUR | 78,65 | 79,09 |
| Dönsk króna | DKK | 10,56 | 10,62 |
| Norsk króna | NOK | 9,64 | 9,70 |
| Sænsk króna | SEK | 8,67 | 8,72 |
| Japanskt jen | JPY | 0,56 | 0,56 |
| SDR | XDR | 90,17 | 90,71 |

*Gengisvísitala krónunnar*

**107,33 -0,89%**

Heimild: Seðlabanki Íslands

Að minnsta kosti átta vélsleðaslys í vetur:

# Sá yngsti sem slasaðist er sjö ára

**SLYS** Einn hefur látist og að minnsta kosti sjö hafa slasast í vélsleðaslysum síðustu þrjá mánuði að sögn Kjartans Benediktssonar umferðarfulltrúa Slysavarnafélagsins Landsbjargar og Umferðarstofu. Sá yngsti sem slasaðist er sjö ára gamall en hann sat framar ökumanni á sleða og klemmdist milli hans og sleðans við árekstur.

Einnig hefur Landsbjörg heimildir um slys þar sem tólf ára gamall piltur var einn á sleða og slasaðist á fæti þegar hann keyrði í runna.

Slysavarnafélag Landsbjargar og Rannsóknarnefnd umferðarslysa eru í samvinnu við Landssamband íslenskra vélsleðamanna að vinna að skýrslu um vélsleðaslys og tíðni þeirra. Það sem gerir þeim úttektina erfiða að sögn Kjartans er að enginn flokkur er til í kerfinu yfir vélsleðaslys. Þar af leiðandi liggja ekki fyrir tölur um vélsleðaslys, hvorki hjá lögreglu né hjá heilbrigðisstofnunum. Vonast hann til að skýrslan verði til að bæta úr þessu.

- jse



**Á FERÐALAGI Á VÉLSLEÐA**
Vélsleðaslys verða æ tíðari enda hefur vélsleðum fjölgað gríðarlega hér á landi að sögn Kjartans Benediktssonar umferðarfulltrúa Slysavarnafélagsins Landsbjargar og Umferðarstofu. Nú er unnið að skýrslu til að gera frekari úttekt á vélsleðaslysum.



**SETIÐ Á RÖKSTÓLUM**
Abbas og Annan hittust í Ramallah í gær og sagði Annan að Sameinuðu þjóðirnar myndu gera skrá yfir það tjón sem Palestínumenn telja sig hafa orðið fyrir af völdum múrsins

Áætlanir Ísraela:

## Jerúsalem öll innan múrsins

**JERÚSALEM, AP** Stærsta landnemabyggð Vesturbakkans mun falla innan aðskilnaðarmúrs Ísraelsmanna, Palestínumönnum til mikillar armæðu. Ariel Sharon forsætisráðherra lagði í gær blessun sína yfir endanlegar áætlanir um staðsetningu múrsins.

Ákvörðun Sharons þýðir að Ísraelsmenn leysa til sín stóran hluta þess landsvæðis sem Palestínumenn gera tilkall til, þar með talið austurhluta Jerúsalem.

Kofi Annan, aðalritari Sameinuðu þjóðanna, er staddur í Ramallah og fundaði í gær með Mahmoud Abbas, forseta palestínsku heimastjórnarinnar í gær. ■

### BELGÍA

**MÚSLIMI Í FRAMBOÐ HJÁ HÆGRIÖFGAMÖNNUM.** Róttækur hægri flokkur í Belgíu sem er þekktur fyrir andstöðu gegn innflytjendum íhugar að stilla upp íslömskum frambjóðanda í kosningunum á næsta ári. Að sögn Gerolf Annemans, leiðtoga flokksins, verður sá frambjóðandi ekki til málamynda heldur sterkur stjórnmálamaður.

### KÚVÆT

**KÚVÆTAR FRAMLEIÐA MEIRA.** Olíuráðherra Kúvæt sagði á mánudag að olíuframleiðslulönd gætu ákveðið að auka framleiðsluna á fundi OPEC í Íran í þessari viku. Í síðustu viku sagði ráðherra að verð á olíu gerði það arðbært fyrir alla að auka framleiðsluna.

# Telja konur ábyrgar fyrir nauðgunum

**Konur sem klæðast flegnum toppum og stuttum pilsum geta sjálfum sér um kennt ef á þær er ráðist. Þetta er viðhorf fjórða hvers Dana samkvæmt nýrri viðhorfskönnun. Stjórnmálamenn lýsa furðu sinni á viðhorfunum.**

**DANMÖRK** Ný dönsk skoðanakönnun leiðir í ljós að fjórði hver Dani telur að konur beri stundum á því ábyrgð ef þeim er nauðgað, sérstaklega ef þær klæða sig djarflega. Athyglisvert er að fleiri konur en karlar eru á þessari skoðun. Stjórnmálamenn hafa lýst yfir undrun og áhyggjum vegna þessa.

Samkvæmt könnuninni sem Catinét Research gerði fyrir Ugebrevet A4 telja heldur fleiri innflytjendur en innfæddir Danir að nauðgun geti verið konum að kenna, 31 prósent á móti 23 prósentum. Athygli vekur að konur eru frekar á þessari skoðun. Af innfæddum segja 27 prósent kvenna að djarfklæddar kynsystur þeirra bjóði hættunni heim á móti 18 prósentum karla. 35 prósent kvenna eru einnig þessarar skoðunar á móti 27 prósentum karla úr hópi innflytjenda.

Stjórnmálamenn eru forviða yfir þessum niðurstöðum. Mett Fredreksen, talsmaður sósíaldemókrata í jafnréttismálum, sagði í viðtali við Berlingske Tidende að sérstakar áhyggjur vekti „hversu rótgróin þessi gamaldags karlrembuviðhorf væru“. Eva Kjer Hansen jafnréttismálaráðherra tók í svipaðan streng. „Þetta er algerlega óásættanlegt. Konur ráða sjálfar yfir líkama sínum og hverju þær klæðast. Þessi rannsókn sýnir að aðgerða er þörf,“ sagði ráðherrann í samtali við sama blað og boðaði vitundarvakningu um þessi mál, ekki síst á meðal ungs fólks en þriðjungur danskra ungmenna telur konur geta verið ábyrgar fyrir því ofbeldi sem þær verða fyrir. Þetta viðhorf er dapurlegt að mati Hansen því það eru helst ungar konur sem verða fyrir ofbeldi.

Könnunin kemur fram mitt í umræðu um konur og viðhorf samfélagsins til þeirra sem nú standa yfir í Danmörku. Þannig kærði hópur innflytjendakvenna í síðustu viku bænaformanninn Raed Hleihel og trúarsamtök múslima fyrir niðrandi ummæli og hótyrði í sinn garð. Hann hafði látið þau ummæli falla að konur væru stundum „verkfæri djöfulsins“ og að himnaríki væri lokað konum sem færu á hárgreiðslustofur og notuðu ilmvatn og andlitsfarða. Kasem Said Ahmed, formaður íslömsku trúarsamtakanna í Danmörku, sagði Hleihel hafa „fullan rétt til að kalla konur „verkfæri djöfulsins“.“ Að mati kærenda er með ummælum sem þessum hvatt til ólíðandi ofbeldis gegn konum.

sveinng@frettabladid.is



**EVA KJER HANSEN**
Danski jafnréttismálaráðherrann sagðist afar hissa á niðurstöðum könnunarinnar og boðaði vitundarvakningu, sérstaklega á meðal ungs fólks.

Íbúðalánasjóður:

## Vextir munu standa í stað

**ÍBÚÐALÁN** Vextir íbúðalánasjóðs munu að öllum líkindum ekki lækka, eins og greiningardeild Landsbankans spáði fyrir helgi. Í útboði Íbúðalánasjóðs á föstudag bárust tilboð að nafnvirði 19 milljarða króna. Ákveðið var að taka tilboðum í bréf að nafnvirði 11 milljarða, sem er einum milljarði meira en áætlað var.

Sigurður Geirsson, framkvæmdastjóri hjá Íbúðalánasjóði segir stjórn Íbúðalánasjóðs taka endanlega ákvörðun um vaxtastigið, en á ekki von á því að vextirnir lækki, því með 0,6 prósentustiga vaxtaálagi séu markaðsvextir nú 4,13 prósent.

- ss

Lögreglan:

## Bíða eftir að dómar falli

**VINNUMARKAÐURINN** Lögreglan í Hafnarfirði, Kópavogi og Keflavík hefur að undanförnu kannað ólöglega starfsmenn hjá verktakafyrirtækjum í samstarfi við fulltrúa Ríkislögreglustjórans auk þess sem fyrirhuguð er sams konar rannsókn úti á landi.

Rannsóknin hefur leitt í ljós að mikið er um þjónustusamninga og starfsmenn á vegum starfsmannaleiga.

Gert er ráð fyrir að mál verði kærð og er niðurstöðunnar beðið svo að lagaleg staða verði fullkomlega skýr áður en gripið verður til frekari ráðstafana.

- ghs

### SVEITARSTJÓRNARMÁL

**GJALDFRJÁLS LEIKSKÓLI** Sveitarstjórn Kópavogs hefur samþykkt að skoða hvort bjóða eigi upp á gjaldfrjálsan leikskóla í sveitarfélaginu. Þetta var gert að tillögu bæjarfulltrúa Samfylkingar.


Gengi um þrjúleytið 14. mars 2005

USD 58.70
JPY 0.56
EUR 78.

SUBARU
MEÐ HUGANN VIÐ AKSTURINN



Subaru Legacy Wagon sjálfskiptur

Verð áður 2.790.000
Verð nú ~~2.590.000~~
Verð nú 2.460.000

=330.000
króna gengishagnaður
LEGACY

Verð á mán 28.396,-

Ingvar Helgason Sævarhöfða 2 Sími 525 8000 www.ih.is


## Veðrið

**HLÝNAR ER DREGUR AÐ HELGI**
Fólkið í landinu má nú þola ískulda og trekk. Í raun algjör leiðindi og ekkert annað. Örfáir kunna þó vel að meta sólina, tala um að birtan hafi góð áhrif. Vafalaust rétt, en kuldinn hefur vond áhrif, raunar mjög vond áhrif á miklu fleiri en þá sem njóta sólarinnar í gegnum glugga. Stíf norðanátt í mars er alltof snemmt fyrirbæri. Sök sér í júlí. En það verður semsagt kalt fram að helgi en þá hlýnar með vætu sunnan- og vestan til.



Kveðja, Sigurður Ragnarsson, veðurfræðingur

### Í dag um hádegi




### Á morgun




Fremur hvasst sunnan og vestan til.

### Fimmtudagur




Víða strekkingur.

### Veðrið úti í heimi í dag

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannahöfn | 5°C skýjað | París | 15°C skýjað | Torrevieja | 20°C léttskýjað |
| Osló | 0°C alskýjað | Prag | 2°C skýjað | Róm | 16°C skýjað |
| Stokkhólmur | -3°C léttskýjað | Amsterdam | 9°C léttskýjað | New York | 7°C léttskýjað |
| London | 12°C léttskýjað | Varsjá | 2°C skýjað | Miami | 28°C léttskýjað |

Svæði þar sem búast má við talsverðri vætu eru skyggð á kortinu. Minniháttar úrkoma er táknuð með dropum. Hitatölur sýna hæstu hitagildi.

**Hive Lite**

Þráðlaust internet
2GB niðurhal
4Mb tenging

# AF HVERJU ERUM VIÐ AÐ BJÓÐA UPP Á ÞRÁÐLAUST INTERNET MEÐ HRAÐARI TENGINGU OG MEIRA NIÐURHALI EN HINIR Á AÐEINS

# 3.990

## Á MÁNUÐI?*

*M.v. 12 mánaða samning.

AF ÞVÍ AÐ VIÐ ERUM HIVE.

KOMDU Í HEIMSÓKN Í GLÆSILEGA VERSLUN OKKAR AÐ GRENSÁSVEGI 16

Hive Lite er ný og hagkvæm áskriftarleið sem færir þér þráðlaust internet, 2GB niðurhal, 4Mb tengingu og fullkominn tækjabúnað ásamt allri uppsetningu án aukagjalds.

Hive.is Grensásvegi 16, Reykjavík og Hlíðarsmára 12, Kópavogi.
Þjónustusími 414 1616 hive@hive.is

Hive



## KJÖRKASSINN

*Er verðstríði matvöruverslananna lokið?*

**Niðurstöður gærdagsins á visir.is**

| | |
|---|---|
| Já | 59,2% |
| Nei | 40,8% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Hefði átt að semja við Íslendinga um viðgerð á varðskipunum?*

Farðu inn á fréttahluta visir.is og segðu þína skoðun

vísir

Atlas Ísaga ósátt við pólsku skipasmíðastöðina:

# Héldu framhjá umboðsmönnunum



**VARÐSKIPIÐ TÝR**
Umboðsmenn pólsku skipasmíðastöðvarinnar sem samið var við um endurbætur á varðskipunum Ægi og Tý eru ekki sáttir við að stöðin snéri sér beint að Ríkiskaupum.

**IÐNAÐUR** „Morska hélt fram hjá okkur í þessu máli. Þeir fengu þessi útboðsgögn áður en ég fékk þau í hendur,“ segir Grímur Gíslason, framkvæmdastjóri Atlas Ísaga, um samninga við pólsku skipasmíðastöðina Morska Stocznia Remontova um breytingar og endurbætur á varðskipunum Ægi og Tý.

Morska Stocznia Remontova hefur áður unnið verk fyrir Landhelgisgæsluna og þá með milligöngu Atlas Ísaga hf. í Hafnarfirði. Atlas hefur einkaumboð fyrir Morska hér á landi. Í þetta skiptið fóru útboðsgögn ekki utan með milligöngu umboðsins og fær íslenska fyrirtækið því ekki umboðslaun. Grímur Gíslason framkvæmdastjóri Atlas segir það mjög óvanalegt.

Samkvæmt upplýsingum frá Ríkiskaupum óskaði pólska skipasmíðastöðin eftir útboðsgögnum föstudaginn 17. desember á síðasta ári, en Atlas óskaði eftir þeim þremur dögum síðar. Auglýsingin var birt þann 15. desember. „Þeir voru í beinu sambandi núna og vildu ekkert við okkur tala. Við vorum ekkert rosalega kátir,“ segir Grímur.

Júlíus S. Ólafsson, forstjóri Ríkiskaupa segir verkið hafa verið boðið út á öllu evrópska efnahagssvæðinu, og auglýst þar. Því sé ekkert við það að athuga að pólska fyrirtækið hafi óskað sjálft eftir útboðsgögnum. **- ss**



**JALAL TALABANI**
Kúrdinn verður næsti forseti Íraks.

Stjórnarmyndun:

## Írak verður sambandsríki

**BAGDAD, AP** Kúrdar og sjíar hafa í meginatriðum náð saman um skipan nýrrar ríkisstjórnar Íraks en stjórnlagaþing landsins kemur saman í fyrsta sinn á morgun. Báðar fylkingarnar vilja að Írak verði gert að sambandsríki. Kúrdinn Jalal Talabani verður forseti en sjíinn Ibrahim al-Jaafari forsætisráðherra.

Nokkrar hryðjuverkaárásir voru gerðar í Írak í gær og herma fregnir að einn hafi látist. Bandarískir hermenn drápu fimm uppreisnarmenn í Mosul en auk þess féllu kona og tvö börn fyrir byssukúlum Bandaríkjamanna. ■

### NOREGUR

**OF FÁIR SJÚKRABÍLAR Í NOREGI**
Norðmenn telja að skortur á sjúkrabílum í afskekktari héruðum landsins hafi kostað allt að 250 manns lífið undanfarin misseri. Ekki er langt síðan sjúkraflutningar í landinu færðust úr höndum sveitarstjórna til ríkisins en eftir það hefur sjúkrabílum fækkað um fjórðung.

**HEIMSMETHAFAR Í PITSUÁTI**
Norðmenn borða allra þjóða mest af pitsum samkvæmt dagblaðinu Dagens Næringsliv. Yfir fimmtíu milljón flatbökur voru snæddar í Noregi á síðasta ári, eða um 50 þúsund tonn, þar af er helmingurinn frosnar pitsur. Allt þetta pitsuát kostar um 20 milljarða íslenskra króna.

# Fleiri fara í iðngreinarnar

**Nemendum fjölgar í iðn- og tæknigreinum. Líka í málmiðnaði. Svo hefur þó ekki verið síðustu ár. Bið er á því að nemarnir skili sér út á vinnumarkaðinn og þess vegna er svo mikil eftirspurn eftir útlendingum.**



FRÉTTABLAÐIÐ/TEITUR

**FLEIRI NEMAR Í MÁLMSUÐU**
Áhugi á námi í málmgreinum hefur aukist verulega upp á síðkastið en nokkur bið verður á því að þetta fólk skili sér út á vinnumarkaðinn. Meira er sótt í nám í málmsuðu en áður.

**VINNUMARKAÐURINN** Nemendum í iðn- og tæknigreinum hefur fjölgað talsvert síðustu ár. Þannig voru 3.675 skráðir í iðn- og tæknigreinar árið 2000 en 3.883 nemendur skráðir í hittiðfyrra. Nemendum í grunndeild málmiðna fjölgaði um 15 prósent milli ára, voru 258 í hittiðfirra en í fyrra voru þeir orðnir 296 talsins. Þetta gerist þrátt fyrir að útlendingum fjölgi sífellt í þessum greinum á vinnumarkaði.

Útlendingar eru í auknum mæli ráðnir til starfa í almennri byggingarvinnu, sérstaklega til hefðbundinna trésmíðastarfa. Margir eru ráðnir í blikksmíði og til uppsetningar loftræstikerfa en fyrirtækið Stjörnublikk hefur notað portúgalska leigustarfsmenn í mörg ár og eru þau mál til skoðunar hjá yfirskattanefnd.

Útlendingar verða líka sífellt fjölmennari í málmiðnaði, sérstaklega í suðuvinnu, en hefð er fyrir því í skipasmíðaiðnaði að sækja starfsmenn til Póllands.

Þær upplýsingar fengust í menntamálaráðuneytinu að aðsókn í iðn- og tæknigreinar sé sveiflukennd. Aðsóknin hefur aukist síðustu ár en lægð var árin á undan. Þar kemur fram að skólarnir séu hugsanlega ekki að útskrifa nægilega marga auk þess sem þeir nemendur sem nú streymi í þessar greinar eigi eftir að skila sér út á vinnumarkaðinn. Áhrif aukinnar aðsóknar skili sér ekki fyrr en eftir fjögur til sex ár. Vinnuaflsþörfin er gríðarlega mikil þessi misserin og þess vegna er svo mikil eftirspurn eftir útlendingum til starfa.

Tæplega helmingur ungs fólks útskrifast með annað próf en stúdentspróf. Örn Friðriksson, formaður Félags málmiðnaðarmanna, segir að ekki hafi verið neinni hvatningu haldið á lofti af hálfu stjórnvalda að fólk færi í iðn- og tæknigreinar heldur hefði fyrst og fremst verið horft til háskólanáms.

„Þegar íslensku varðskipin eru send til Póllands í annað skipti á fjórum árum þá dregur ungt fólk af því ákveðnar ályktanir. Þarna vantar mikið á að kynna möguleikana sem málmiðngreinar hafa,“ segir hann.

ghs@frettabladid.is

Slippstöðin á Akureyri:

## Ósáttir við skilmála

**IÐNAÐUR** Það er einkennilegt að skilmálar útboða séu hafðir þannig að þeir auðveldi að verk flytjist úr landi. Þetta er mat Guðmundar Tulinius, forstjóra Slippstöðvarinnar á Akureyri en Slippstöðin er ein af þeim skipasmíðastöðvum sem buðu í endurbætur á varðskipunum Tý og Ægi.

Hann nefnir sérstaklega ISO 9000 gæðavottun, sem Slippstöðin hafi ekki. „Slík vottun snýr að innra skipulagi fyrirtækisins, sem er mjög gott. Það segir hins vegar ekkert um gæði verksins.“ Guðmundur segir að hingað til hafi menn verið mjög ánægðir með verk Slippstöðvarinnar og síðast í gærmorgun fékk Slippstöðin viðhaldsverkefni frá Landhelgisgæslunni. **- ss**

Neyðarlögum andæft:

## Mótmælin barin niður

**KATMANDÚ, AP** Hundruð mótmælenda voru handtekin í Nepal í gær í miklum óeirðum sem geisuðu um landið. Fólkið mótmælti neyðarlögunum sem Gyanendra konungur landsins setti í síðastliðnum mánuði en þau takmarka stórlega borgaraleg réttindi.

Lögregla barði mótmælin niður af mikilli hörku og hneppti 300 manns í varðhald. Bættist fólkið þar með í stóran hóp pólitískra fanga sem stjórnvöld geyma á bak við lás og slá.

Ríkisstjórnir Indlands, Bretlands og Bandaríkjanna hafa fordæmt framgöngu nepalskra ráðamanna. ■


**Fiskréttir, Fiskréttir,**

**gómsætir og freistandi**

**mikið úrval, tilbúnir í ofninn**

**Fiskbúðin Vör – Fiskikóngurinn –**

**Höfðabakka 1 - sími 587 50 70**


Viðgerð á varðskipum 2001:

## Hefði verið ódýrari á Íslandi

**IÐNAÐUR** Fyrir fjórum árum var gengið til samninga um viðgerðir á íslenskum varðskipum við pólsku skipasmíðastöðina Morska. Það munaði tæpum sjö milljónum á íslensku tilboði og tilboði Morska. Í skýrslu VSÓ-ráðgjafar sem unnin var fyrir Félag járniðnaðarmanna árið 2001 um kostnað við siglingu varðskipa til Póllands, kom hins vegar fram að viðgerð hér heima hefði orðið nokkur hundruð þúsund krónum ódýrari.

Forsvarsmenn Samtaka iðnaðarins segja að viðgerðin á Tý hafi þá orðið tæplega 60 prósentum dýrari en samið var um og viðgerðin á Ægi hafi verið tæplega 90 prósentum dýrari.

Í umræðum um þessa skýrslu á Alþingi í febrúar 2001, kom fram í máli Kristjáns Möller að kostnaður vegna siglingar, eftirlits og fleira hafi verið tæplega 7,5 milljónir fyrir hvert skip, en ekki 3,9 milljónir eins og Ríkiskaup hafi áætlað. Þá kom fram í svari Valgerðar Sverrisdóttur iðnaðarráðherra að það væri hennar von að það útboð yrði til þess „að það verði betur og á annan hátt staðið að málum í framtíðinni hvað varðar viðgerðir á varðskipum og ýmsum öðrum málum sem snúa að útboðum af hálfu ríkisins.“ **- ss**



**VALGERÐUR VILDI BREYTINGAR**
Fyrir fjórum árum sagði Iðnaðarráðherra að hún vonaðist eftir breytingum í útboðum af hálfu ríkisins. Þrátt fyrir ódýrara tilboð pólsku skipasmíðastöðvarinnar þá, hefði verið ódýrara að taka íslenska tilboðinu.

# •• Alltaf ódýrari!




Alltaf bestu pakkarnir! Allt innifalið og engin aukagjöld!

## V16 extra

- •• 4 Mb/s hraði
- •• 2 GB erlent niðurhal
- •• 3 Póstföng
- •• 50 MB Heimasíðusvæði
- •• 1,99 kr. MB umfram erlent niðurhal

! Afnot af þráðlausum beinir án endurgjalds

! 999 kr. inneign á tónlist.is

Allt þetta á aðeins

**3.890 kr.**

á mánuði allt innifalið!*

•• Taktu fleiri bita á betra verði!

BT

BTNET

fleiri bitar • meiri hraði

*M.v. 12 mánaðarsamning. Straumgjöld til símfyrirtækja innifalin. Tilboð þessu líkur 1. apríl 2005

Þú færð BTnet í verslunum BT á höfuðborgarsvæðinu eða í síma 588-1234 og við sendum forstilltan BTnet búnað heim til þín. Nánar á www.btnet.is



## VEISTU SVARIÐ?

1 *Hvaða heitir fráfarandi formaður danska jafnaðarmannaflokksins?*

2 *Hver sagði sig á dögunum úr stjórnum Almenna lífeyrissjóðsins, Bakkavarar og Sindra?*

3 *Hvaða norska söngkona er stödd á landinu?*

SVÖRIN ERU Á BLS. 30

Kínverska þjóðþingið samþykkir umdeild lög:

# Hóta að beita hervaldi

**TAÍVAN, AP** Kínverska þjóðþingið samþykkti í gærmorgun lög sem heimila að hervaldi verði beitt reyni Taívanar að ganga lengra en orðið er í átt til formlegs sjálfstæðis. Kínverski forsetinn Hu Jintao skipaði Kínaher á sunnudag að vera undir átök búinn. Þessi valdbeitingarhótun kínverskra stjórnvalda í garð Taívana hefur kallað fram sterk viðbrögð um alla Asíu.

Stjórnvöld á Taívan fordæmdu þessa ráðstöfun og sögðu hana alvarlega ógn við öryggi í álfunni.

Joseph Wu, sem fyrir hönd Taívanstjórnar stýrir stefnumótun í samskiptunum við Kína, sagði nýju lögin jafngilda „blankótékka“ fyrir Kínastjórn að innlima Taívan með valdi. Kínastjórn lítur svo á að Taívan sé órjúfanlegur hluti Kína þótt Taívanbúar hafi stjórnað sér sjálfir síðan árið 1949, er kommúnistar komust til valda á meginlandinu. Talsmenn Kínastjórnar halda því fram að lögunum sé aðeins ætlað að stuðla að friðsamlegri endursameiningu.

Kæmi til átaka milli Taívan og Kína yrði það meiri háttar áfall fyrir stöðugleika í Asíu. Bandaríkin hafa tugþúsundir hermanna undir vopnum á svæðinu og hafa heitið því að koma Taívönum til aðstoðar ef á þá verður ráðist. ■



**MÓTMÆLA HÓTUNUM**
Taívanskir sjálfstæðissinnar hrópa vígorð gegn Kínastjórn í gær fyrir utan þinghús Taívan í Taipei.

## LÖGREGLUFRÉTTIR

**MISSTI STJÓRN Á BÍL SÍNUM** Bíll fór út af veginum við vegamót Norðausturvegar og Þjóðvegar eitt um tíuleytið í gærmorgun. Ökumann sakaði ekki en bíllinn er óökuhæfur, að sögn lögreglunnar á Húsavík. Slysið má rekja til hálkunnar, sem var með mesta móti þegar slysið varð.

**40 ÓKU OF HRATT** Lögreglan á Blönduósi stöðvaði fjórutíu ökumenn um helgina vegna hraðaksturs og er það óvenjumikið á þessum árstíma. Flestir voru stöðvaðir á föstudag og sunnudag og því telur lögreglan brýnt að menn bæti aksturslag sitt svo helgarferðin endi ekki illa.


DV
ÓHUGNANLEGAR STAÐHÆFINGAR


William Scobie kærir barnaland.is til lögreglu
DV – hefur þú séð DV í dag?


# Vonast eftir enn meiri hræringum

**Formaður Neytendasamtakanna segir alveg ljóst að neytendur hagnist á verðstríði lágvöruverslananna þótt mjólkin verði ekki gefin til lengdar. Sviðsstjóri á Lýðheilsustöð er ánægður með lágt verð á hollustuvörum.**

**NEYTENDUR** „Það er spurning hvort um skammgóðan vermi eða langvarandi tryggt vöruverð sé að ræða,“ segir Jóhannes Gunnarsson, formaður Neytendasamtakanna, spurður um verðstríð matvælaverslana. Hann segir neytendur hagnast en það sé spurning hvernig stríðinu ljúki, hvort þetta sé einungis fyrsta lota af mörgum.

Jóhannes segir að fram að þessu hafi matvöruverslanir raðað sér í ákveðna röð á markaðinum og að verið sé að gera nokkurs konar uppreisn gegn því ástandi. „Það er alveg ljóst að neytendur hafa skammtímahagnað af þessu en langtímahagnaður á eftir að koma í ljós.“

Neytendasamtökin vona að verðstríð síðustu vikna eigi eftir að ýta undir meiri hræringar á matvörumarkaði en Jóhannes segir augljóst að menn gefi ekki mjólkina til lengri tíma.

Laufey Steingrímsdóttir, sviðsstjóri rannsókna- og þróunarsviðs hjá Lýðheilsustöð, er að vonum ánægð með hið lága vöruverð sem landsmenn hafa notið síðustu vikur. Hún segir gott að lágvöruverslanir hafi boðið hollustuvörur, eins og ávexti og mjólkurvörur, á mun lægra verði en þekkst hefur. „Þetta ástand hefur verið nokkurs konar auglýsing fyrir hollar vörur og þar af leiðandi hvatt til aukinnar hollustu,“ segir Laufey. „Samt sem áður hefur þetta verðstríð gengið svolítið út í öfgar og verið ágætis skemmtiatriði. Persónulega hef ég haft gaman af að fara út í búð undanfarið en starfsfólkið er eflaust þreytt eftir annasama daga.“




**VERÐSTRÍÐ**
Þessir piltar nýttu sér lágt vöruverð og birgðu sig upp af gosi og mjólk þegar verðstríðið var í algleymingi.

Samkvæmt heimasíðu Hagstofunnar lækkaði verð dagvöru um 2,7% milli mánaða, sem rekja má til verðstríðs á matvörumarkaði. Það hefur þó ekki orðið til lækkunar á vísitölu neysluverðs, sem hækkaði um 0,75% frá fyrri mánuði, úr 239,7 stigum í 241,5.

Þegar Fréttablaðið spurðist fyrir um verð á mjólk klukkan 14 í gær kostaði lítrinn 57 krónur hjá Bónusi en 59 krónur hjá Krónunni.

- vób






Ofsaveður í Færeyjum:

# Vorinu feykt burt

**FÆREYJAR** Færeyingar hugðust fagna komu vorsins á laugardaginn var en þær áætlanir fóru hins vegar út um þúfur þegar versta stórhríð vetrarins gekk yfir eyjarnar. Veðrið var það slæmt að öll umferð stöðvaðist. Að sögn dönsku veðurstofunnar var rútuferðum milli byggðarlaga aflýst sem og fjölda sjó- og flugferða. Fór því lítið fyrir vorveisluhöldum.

Á sunnudaginn var byrjað að ryðja vegi en lögreglan ráðlagði fólki að halda sig innan dyra. Að sögn heimafólks var sú ráðlegging óþörf þar sem ófært væri milli húsa hvort eð var. ■

# PHILIPS PÁSKATILBOÐ




**Philips 32PW8609**
32" 100Hz BREIÐTJALDSSJÓNVARP með REAL FLAT BlackLine S myndlampa, 40w Nicam Stereó hljóðkerfi með Dolby Virtual Surround, textavarpi, Scart tengi og fjarstýringi.

**TILBOÐ 79.995**
**Fullt verð kr. 99.995**




**Philips 28PT4458**
28" SJÓNVARP með Blackline FX myndlampa, stereó hljóðkerfi, texta-varpi, Scart tengi og fjarstýringu.

**TILBOÐ 39.995**
**Fullt verð kr. 49.995**




**Philips 20PF7846**
20" Nicam stereó LCD **SJÓNVARP** með Dolby Virtual Surround, 640x480 punkta upplausn, Progressive Scan, útvarpi, textavarpi, Scart, heyrnatólatengi og fjarst.

**TILBOÐ 97.995**
**Fullt verð kr. 114.995**




**Philips 30PF9946**
30" LCD BREIÐTJALDSSJÓNVARP með Crystal Clear og Progressive Scan, 1280x768 punkta upplausn, textavarpi með 1200 síðna minni, 40w Nicam Stereó hljóðkerfi með Dolby Virtual Surround og FM útvarpi, 2 Scart tengjum, RGB-inn / CVBS-inn PC-inngangur og tengi fyrir heyrnatól, borðstandur fylgir.

**TILBOÐ 219.995**
**Fullt verð kr. 279.995**

HUGVERKAsmiðja

ÓDÝRARI
RAFTÆKI

**Heimilistæki**
SÆTÚNI 8 • SÍMI 569 1500 • www.ht.is
UMBOÐSMENN UM LAND ALLT

24 stundir

**HVAÐ ER AÐ FRÉTTA?** STEFANÍA KATRÍN KARLSDÓTTIR

# *Klífur fjöll og klárar doktorinn*



„Það er ýmislegt að frétta og margt skemmtilegt fram undan,“ segir Stefanía Katrín Karlsdóttir, fráfarandi rektor Tækniháskóla Íslands. Á komandi mánuðum mun skólinn sameinast Háskólanum í Reykjavík og Stefanía segist ætla að klára þau verk sem snúa að henni og taka gott sumarfrí að því loknu.

Mikið hefur verið rætt um hvar sé heppilegt að nýi skólinn verði til húsa og hafa Garðabær og Nauthólsvík verið nefnd í því sambandi. „Báðir þessi kostir eru spennandi en ég er svo praktísk manneskja í hugsun og verki að ég tel að það sé betra að fara í Garðabæ,“ segir Stefanía. „Það kemur til af mörgu, bæði er undirbúningur á því svæði lengra kominn og aðkoman að Nauthólsvíkinni er verri. En það er auðvitað kostur fyrir nemendur að geta stungið sér til sunds í ylströndinni í frímínútum,“ grínast hún.

Stefanía er sem stendur í doktorsnámi í stjórnmálafræði og hugsar að hún muni taka sér tíma til að klára ritgerðina, sem fjallar um frammistöðu ríkisstofnana.

Það verður þó varla fyrr en í haust því Stefanía er búin að skipuleggja sumarfríið í þaula. „Ég ætla að byrja á því að fara í sumarhúsið mitt á Lóni, sem er sælureitur á jörð, og ganga öræfin þar í kring. Seinna um sumarið geri ég ráð fyrir að ganga á nokkur fjöll, þar á meðal Hvannadalshnjúk,“ segir Stefanía sem er mikil útivistarmanneskja.

Hvað framtíðin á svo eftir að bera í skauti sér veit Stefanía ekki en hún reiknar ekki með að koma nálægt nýja skólanum. „Ég fer sátt frá því verki sem ég hef unnið af fullum hug, en ég ætla að snúa mér að nýjum verkefnum.

## SVONA ERUM VIÐ




**SÍMTÖL OG SMÁSKILABOÐ Í FARSÍMANETUM ÁRIN 1998 TIL 2003.***

| Ártal | Símtöl alls | SMS-skilaboð |
|---|---|---|
| 1998 | 141.566 | - |
| 1999 | 197.475 | - |
| 2000 | 246.514 | 61.581 |
| 2001 | 286.685 | 90.201 |
| 2002 | 342.962 | 124.451 |
| 2003 | 354.389 | 154.144 |

** Heimild: Póst- og fjarskiptastofnun*



MYND/DANSKA VEÐURSTOFAN

**ÍSKORT DÖNSKU VEÐURSTOFUNNAR** Á hafískortinu sem danska veðurstofan gerði fyrir þessa viku má sjá hvernig ísröndin liggur frá Grænlandi og yfir Ísland norðan- og norðaustanvert.

Bændur á Ströndum:

# Byssan geymd á vísum stað

**VEÐURFAR** Gunnsteinn Gíslason í Norðurfirði, oddviti í Árneshreppi, segir bændur á Ströndum hafa nokkrar áhyggjur af því að hafísnum gætu fylgt óvelkomnir gestir á borð við ísbirni. „Við erum voðalega hræddir við þetta,“ segir hann, en telur bændur þó ekki hafa neinn sérstakan viðbúnað vegna þessa. „Þeir sem eru skyttur í eðli sínu líta kannski til þess að byssan sé á réttum stað, en óðruvísi er það nú ekki.“ Sjálfur segist Gunnsteinn aldrei hafa átt byssu og telur enda að hættan á heimsóknum bjarndýra sé sáralítil, þó svo að fyrr á öldum hafi verið dæmi um að bjarndýr hafi fundist á Ströndum. „Þessi ísár sem voru hérna á sjöunda áratugnum urðu menn aldrei varir við neitt.“

Gunnsteinn segist ekki hafa orðið var við ís í Norðurfirði í dag, en íshrafl hefur rekið inn í Trékyllisvík, Hvalvík og víðar. ■



**ÍSBJÖRN** Hann er vinalegur að sjá þessi ísbjörn sem búsettur er í þýskum dýragarði. Óvíst er að ísbirnir sem lentu á þvælingi á ísjökum yrðu jafn værðarlegir ásýndum. Oddvitinn á Ströndum segir bændur þar enda kvíða því að hafísinn við landið gæti borið með sér slíka gesti.

www.volkswagen.is




**Nú gefst þér tækifæri að gera bílinn þinn enn glæsilegri því við bjóðum upp á einstök aukahlutatilboð:** 15“ álfelgur á heilsársdekkjum á 78.000 kr. eða 16“ álfelgur á heilsársdekkjum á 95.000 kr. (meðan birgðir endast).

Frábært tilboð á Golf 1.6 Trendline: beinskiptur á 1.890.000 kr. og sjálfskiptur á 2.050.000 kr. Komdu og prófaðu nýjan Golf. Þú kynnist einstökum aksturseiginleikum um leið og þú ekur af stað í nýjum og ríkulega búnum Golf.



15“ 16“

Álfelgur á mynd eru ekki innifaldar í verði.

Vann gjafabréf á íslenskum gæðadögum:

# Kaupir inn fyrir páskana

„Jú, ég er byrjuð að eyða þessu,“ segir Ólöf Flygering arkitekt sem vann gjafabréf að andvirði 50 þúsund króna frá Nóatúni. Samtök iðnaðarins stóðu fyrir íslenskum gæðadögum 3. til 10. mars sem var ætlað til að vekja neytendur til vitundar um mikilvægi íslenskrar framleiðslu fyrir atvinnu- og verðmætasköpun í landinu. Viðskiptavinum Nóatúns bauðst að svara léttum spurningum og setja nafn sitt í pott.

Fjöldi íslenskra framleiðenda tók þátt í gæðadögunum, kynnti nýjar vörur og veittu afslátt af völdum vörum. Lokadaginn voru tveir viðskiptavinir dregnir sérstaklega úr pottinum og fékk Sigrún Haraldsdóttir gjafabréf frá Flugfélagi Íslands.

Ólöf segir gjafabréfið koma sér vel fyrir páskana en viðurkennir að hún leggi ekki ofuráherslu á að kaupa íslenska framleiðslu frekar en aðra. „En kannski velur maður ómeðvitað íslenska framleiðslu frekar en það fer allt eftir hver varan er,“ segir hún. ■



**VINNINGURINN AFHENTUR** Kristinn Skúlason, markaðsstjóri Nóatúns, afhendir Ólöfu Flygering gjafabréfið. Til hægri er Jóhann Ólason, verslunarstjóri Nóatúns í Smáralind, og fyrir framan dóttir Ólafar, Sigríður Þóra.



**DRAUMUR AÐ VERA MEÐ DÁTA** Hollenskur hermaður kyssir og kjassar sína heittelskuðu við heimkomu frá Írak.

Hafís fyrir norðan land:

# Enginn viðbúnaður í Kántríbæ

**VEÐURFAR** Menn hafa ekki sérstakan viðbúnað í Kántríbæ á Skagaströnd þótt hafís sé skammt undan og segir kántríkóngurinn Hallbjörn Hjartarson að menn finni nú lítið fyrir honum enn sem komið er. „Við erum nú ekkert farin að finna fyrir þessu hér á Skagaströnd, ég hef að minnsta kosti ekki ennþá komið auga á ís eða einhvern reka hér inn flóann hjá okkur ennþá. Það væri þá kannski frekar að vestanverðu,“ segir hann, segir þó hafa kólnað aðeins þegar ísinn fór að færast nær landinu. „Það er búið að vera svolítið kalt undanfarið en það fylgir ísnum alltaf svolítill kuldi.“ Hallbjörn telur að um 10 ár séu síðan ís kom jafnnærri.

Á Hallbirni er að heyra að hafís undan ströndum og kántrýímyndin þurfi í raun ekki að skarast enda oft kalt á slóðum kúreka vestan hafs. Þá er þekkt að hafísi fylgi bjarndýr, en hann telur þó litlar líkur á slíku nú. „Mér sýndist nú í sjónvarpinu að þetta væri meira smáhrafl, frekar en að í þessu væru reglulega stórir og mikir jakar,“ segir hann og telur ísbirni líkegri til að fylgja stærri ísjökum, en smærra íshrafli. Hann segist þó ekki muna eftir að birnir hafi borist með ís í nágrenni Skagastrandar. „Við urðum að minnsta kosti ekki vör við það síðast þegar hér var ís.“ Þá segir hann menn ekkert frekar vopnum búna í Kántrýbæ núna þegar ís er nærri landi, en alla jafna þegar sjór er auður. -óká



**SKAGASTRÖND** Myndin er samsett og óvíst að ís sé kominn jafn nærri Skagaströnd og þarna er sýnt. Töluverður hafís er nú norður og norðaustur af landinu, en víðast hvar gisinn þó svo að borgarísjakar hafi sést norðaustur af Vestfjarðakjálkanum.




30 ára þróun. **Nýr Golf.**

Umboðsmenn um land allt: Höldur hf., Akureyri, sími 461 6020 · HEKLA, Borgarnesi, sími 437 2100 · HEKLA, Ísafirði, sími 456 4666
HEKLA, Reyðarfirði, sími 470 5100 · HEKLA, Reykjanesbæ, sími 420 5000 · HEKLA, Selfossi, sími 482 1416
HEKLA, Laugavegi 174, sími 590 5000
www.hekla.is, hekla@hekla.is

**FBL – GREINING:** HVAÐ ER GÍARDÍUSÝKING?

# Fjöldi sýkinga hefur tvöfaldast

Tilfellum gíardíusýkingar hefur farið mjög fjölgandi hér á landi á síðustu árum. Lætur nærri að fjöldinn hafi tvöfaldast á árabilinu 2000-2004, að því er fram kemur í nýjum Farsóttafréttum Landlæknisembættisins. Þar kemur enn fremur fram að gíardíusýking hafi verið gerð að tilkynningarskyldum sjúkdómi svo öðlast megi frekari vitneskju um uppruna hennar.

**Niðurgangur** Gíardíusýking orsakast af smiti með frumdýrinu Giardia lamblia, að því er segir í Farsóttafréttum. Helsta einkenni sýkingarinar er niðurgangur, sem getur orðið viðvarandi. Ef sýkingin tekur sér bólfestu í lengri tíma hefur hún í för með sér frekari einkenni, svo sem síþreytu, kviðverki, vindgang og illa lyktandi hægðir. Oftast er hún þó einkennalaus og geta börn borið smit mánuðum saman.

Eins og sjá má á meðfylgjandi töflu hefur tíðni sýkinganna farið vaxandi á síðastliðnum árum. Engin ein góð skýring er á þeirri aukningu, að sögn Landlæknisembættisins.

**Mest í Reykjavík** Þegar nánar er að gáð hafa flest tilfellanna reynst af innlendum toga. Þá er sýkingin algengust í Reykjavík, en einnig hafa talsvert mörg tilfelli greinst á Akranesi. Stöku tilfelli hefur greinst annars staðar á landsbyggðinni.

**FJÖLDI TILFELLA**

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| 2000 | Fjöldi tilfella | 47 | Á 100.000 íbúa | 16,7 |
| 2001 | Fjöldi tilfella | 33 | Á 100.000 íbúa | 11,6 |
| 2002 | Fjöldi tilfella | 57 | Á 100.000 íbúa | 19,8 |
| 2003 | Fjöldi tilfella | 55 | Á 100.000 íbúa | 19 |
| 2004 | Fjöldi tilfella | 85 | Á 100.000 íbúa | 29,1 |

Heimild: Landlæknisembættið

Ung börn eru móttækilegri fyrir smiti gíardíusýkinga en fullorðnir. Er hún algengust í aldurshópunum 0-4 ára. Smitið berst einnig nokkuð auðveldlega innan fjölskyldna, meðal systkina og foreldra lítilla barna. Skýrir það hærri tíðni einstaklinga á aldrinum 25-40 ára.

**Áhættuþættir sýkinga** Á árunum 2002-2004 var gerð könnun á vegum sóttvarnalæknis þar sem athugaðir voru ýmsir áhættuþættir sýkinga af völdum Giardia lamblia. Ekki var hægt að sýna fram á einn áhættuþátt öðrum fremur í tengslum við smit. Mörg yngstu barnanna voru í dagvist, en hafa ber í huga að stærstur hluti barna á Íslandi er ýmist í leikskólum eða hjá dagmæðrum. Í einhverjum tilfellum er smitið talið hafa borist á milli barna í dagvistinni en engin rök eru fyrir því að hún sé alltaf uppspretta smitsins hjá yngstu aldurshópunum. Sóttvarnalæknir telur nauðsynlegt að afla meiri vitneskju um uppruna smits hérlendis.



**GÍARDÍUSÝKING** Er algengust í börnum. Myndin er ótengd efninu.



**LAGANNA VÖRÐUR** Írönsk lögreglukona mundar riffil sinn við útskriftarathöfn lögregluskólans í Teheran. Hún mun ásamt 65 stöllum sínum berjast gegn glæpum drýgðum af konum.

# Líbanon er ekki Úkraína

**Hizbollah-samtökin stimpluðu sig aftur inn í stjórnmál Mið-Austurlanda í síðustu viku þegar þau stóðu fyrir fjölmennum mótmælum í Beirút. Sedrusbyltingin er ef til vill margslungnari en menn töldu í fyrstu. Mótmælin standa enn og söfnuðust um 800.000 manns saman í gær.**

Atburðir síðustu vikna hafa glætt vonir margra um að langþráð lýðræðisþróun sé loks hafin í Mið-Austurlöndum. Það er ekki síst svonefnd sedrusbylting í Líbanon sem hefur vakið athygli en síðan Rafik Hariri, fyrrverandi forsætisráðherra landsins, var myrtur á dögunum hefur fjöldi fólks mótmælt afskiptum Sýrlendinga af stjórnmálum landsins, nú síðast í gær þegar 800.000 manns söfnuðust saman í Beirút. Í síðustu viku fór hálf milljón manna út á göturnar að áeggjan Hizbollah-samtakanna til að andæfa erlendri íhlutun og styðja Sýrlendinga. Sá fundur vakti hins vegar furðu litla athygli enda fellur hann illa að kenningum þeirra sem telja að hægt sé að flytja út lýðræði frá Vesturlöndum eins og hverja aðra vöru. Staðan er einfaldlega flóknari en svo.

### Tvær þjóðir

Útifundur Hizbollah-samtakanna var um margt ólíkur þeim sem fram fór í gær þótt þeir væru báðir mjög fjölmennir. Dökkklæddir skeggjaðir menn og blæjuklæddar konur voru allsráðandi á meðal áhangenda Hizbollah og yfir hópnum þrumaði Hassan Nasrallah, leiðtogi samtakanna, að Líbanon væri ekki Úkraína. Hann vísaði þar með á bug að ámóta hreyfing væri á ferðinni í Líbanon og sú sem studdi Viktor Júsjenkó til valda í Úkraínu. Þarna var á ferðinni augljós andstæða við ungmennin klæddum að vestrænum sið sem hafa mótmælt afskiptum Sýrlendinga að undanförnu.

### Öflugur hernaðararmur

Hizbollah-samtökin eru í hugum flestra hryðjuverkasamtök sem stóðu fyrir margs konar óhæfuverkum á tímum borgarastríðsins í Líbanon. Þannig er ekki langt síðan bandarískir embættismenn létu þá skoðun í ljós að samtökin væru jafnvel hættulegri en al-Kaída.

Hernaðararmur samtakanna er enn í fullu fjöri. 20.000 manns eru undir vopnum á þeirra vegum og af og til kemur til átaka á milli þeirra og Ísraelsmanna á landamærum ríkjanna. Í fyrrahaust samþykkti öryggisráð Sameinuðu þjóðanna ályktun þar sem skorað var á Hizbollah að afvopnast um leið og Sýrlendingar voru hvattir til að draga sig til baka frá Líbanon. Í síðustu viku ályktaði svo Evrópuþingið að sterkar vísbendingar væru um að samtökin stæðu á bak við hryðjuverk þannig að alþjóðlegur þrýstingur gegn samtökunum fer síst dvínandi.



FRÉTTABLAÐIÐ/AP

**IÐANDI MANNHAF** Talið er að um hálf milljón hafi safnast saman á fjöldafund í Beirút í síðustu viku. Athygli vakti að fólkið veifaði þjóðfánanum en ekki fána Hizbollah og þykir það til marks um að samtökin leggi áherslu á sjálfstæði Líbanons gagnvart Sýrlendingum.



**FRÉTTASKÝRING**
HIZBOLLAH

**SVEINN GUÐMARSSON**
BLAÐAMAÐUR

Staða Hizbollah í líbönsku samfélagi er hins vegar önnur og flóknari. Eftir að herlið hreyfingarinnar hrakti Ísraelsmenn að lokum frá suðurhluta landsins árið 2000 hefur Hizbollah einkum unnið að því að bæta hag sjía, fátækasta og fjölmennasta þjóðarbrots landsins, með því að reisa heilsugæslustöðvar og skóla svo dæmi séu tekin. Jafnframt hefur þeim gengið ágætlega í hefðbundnu stjórnmálastarfi og var Hizbollah óumdeildur sigurvegari í sveitarstjórnarkosningum í Líbanon í fyrra. Að mörgu leyti svipar Hizbollah því til Hamas-samtakanna í Palestínu en þau tilkynntu um helgina um framboð sitt í þingkosningum í sumar.

### Berst ekki gegn lýðræðinu

Með þetta í huga er ekki erfitt að skilja hvernig Hizbollah getur fengið slíkt fjölmenni út á göturnar til að styðja Sýrlendinga. Stór hluti líbönsku þjóðarinnar geldur einfaldlega varhug við hugmyndum Bandaríkjamanna um lýðræðisumbætur á svæðinu og telur að tilgangurinn sé fyrst og fremst að styrkja stöðu Ísraela. Innrásin í Írak og þrýstingurinn gegn Írönum og Sýrlendingum er liður í því verkefni þar sem þessar þjóðir hafa velgt Ísraelsmönnum undir uggum í gegnum tíðina, rétt eins og Hizbollah-samtökin sjálf.

Enda þótt flokkadrættirnir snúist að hluta til um hvort Líbanar ætli að stökkva á lýðræðisvagn Bandaríkjanna eða standa með bandamönnum sínum á meðal arabaþjóðanna þá er það hins vegar einföldun að segja að Hizbollah og stuðningsmenn þeirra vilji að Líbanon verði áfram undir járnhæl Sýrlands. Báðar fylkingarnar eru sammála um að Sýrlendingar verði að hafa sig á brott á endanum og báðar vilja festa lýðræði og frið í landinu í sessi.

Með andstöðu sinni við lýðræðisverkefni Bandaríkjamanna er Hizbollah því ef til vill fyrst og fremst að reyna að viðhalda trúverðugleika sínum og sérstöðu enda hafa samtökin umbreyst nokkuð hratt á síðustu árum í hefðbundna stjórnmálahreyfingu. Þrátt fyrir að þau séu tortryggin í garð Vesturlanda þá er ekki þar með sagt að þau séu á móti lýðræðisþróuninni. Þvert á móti, Hizbollah nýtur stuðnings stærsta þjóðarbrotsins í landinu og ætti því að geta náð lykilstöðu í landsmálunum þegar gengið verður til kosninga í sumar. ■

MODERNUS

SAMRÆMD VEFMÆLING®
VIKA NR. 10: 07.03. - 13.03.
25 efstu eftir fjölda notenda

| | VEFUR | NOTENDUR | INNLIT | FLETTINGAR |
|---|---|---|---|---|
| 1. | visir.is | 167.634 | 611.005 | 5.485.529 |
| 2. | mbl.is | 164.862 | 1.217.331 | 6.214.263 |
| 3. | leit.is | 95.508 | 404.681 | 1.563.738 |
| 4. | blog.central.is | 81.316 | 355.340 | 2.449.875 |
| 5. | hugi.is | 79.540 | 161.307 | 947.454 |
| 6. | eve-online.com | 55.707 | 219.211 | 3.100.076 |
| 7. | barnaland.is | 46.328 | 216.245 | 4.944.677 |
| 8. | ruv.is | 35.552 | 101.747 | 422.151 |
| 9. | rsk.is | 21.710 | 49.610 | 232.456 |
| 10. | shopusa.is | 16.340 | 32.196 | 94.525 |
| 11. | visindavefur.hi.is | 14.605 | 18.931 | 77.469 |
| 12. | bt.is | 14.434 | 26.808 | 194.155 |
| 13. | femin.is | 14.108 | 30.086 | 335.646 |
| 14. | vikurfrettir.is | 13.271 | 32.999 | 107.287 |
| 15. | doktor.is | 12.425 | 22.139 | 222.264 |
| 16. | reykjavik.is | 12.375 | 21.679 | 171.191 |
| 17. | humor.is | 12.022 | 34.117 | 175.523 |
| 18. | kvikmynd.is | 11.495 | 19.945 | 323.546 |
| 19. | textavarp.is | 11.029 | 20.214 | 26.872 |
| 20. | tonlist.is | 8.874 | 12.991 | 79.676 |
| 21. | hagstofa.is | 7.707 | 11.255 | 55.622 |
| 22. | althingi.is | 7.699 | 18.878 | 100.269 |
| 23. | sport.is | 6.709 | 23.912 | 138.161 |
| 24. | habil.is | 6.404 | 13.634 | 118.856 |
| 25. | icetourist.is | 6.368 | 8.110 | 69.451 |

Sjá á www.modernus.is/sv
og textavarpi Rúv síðu 631
Öllum vefjum stendur til boða
að taka þátt í Samræmdri vefmælingu.
VERSLUNARRÁÐ ÍSLANDS



Breskur blaðaútgefandi:

# Óskaði Hitler til hamingju

**LONDON, AP** Þekktur breskur blaðaútgefandi af aðalsættum óskaði Adolf Hitler til hamingju með innlimun hluta Tékkóslóvakíu á sínum tíma og hvatti nasistastjórnina til að láta til skarar skríða gegn Rúmeníu. Þetta kemur fram í breskum ríkisskjölum sem leynd var létt af á þriðjudag.

Bréfið frá Rothermere vísigreifa, sem átti dagblaðið Daily Mail, lenti í höndum breskra leyniþjónustumanna sem höfðu auga með þýskum útsendara sem vann fyrir vísigreifann.

Að Rothermere væri hliðhollur nasistum var vel vitað fyrir síðari heimsstyrjöld, og hann studdi eindregið friðkaupastefnu Neville Chamberlain, þáverandi forsætisráðherra Bretlands, gagnvart Hitlersstjórninni.

Rothermere, langafi núverandi eiganda Daily Mail, hafði ráðið Stephanie Hohenlohe-Waldenburg-Schillingfürst prinsessu sem milligöngumanneskju í samskiptum við Hitler og aðra forkólfa Þriðja ríkisins. Rothermere lést árið 1940. ■



**HALLUR UNDIR HITLER** Í ljós hefur komið að fyrrverandi eigandi breska blaðsins Daily Mail hvatti nasistastjórn Þjóðverja til að ráðast inn í Rúmeníu.



**FATALÍNA FYRIR UMBÓTASINNA** Söngvarinn Bono, sem hefur barist mikið fyrir félagslegum og efnahagslegum umbótum, var viðstaddur frumsýningu nýrrar fatalínu, Edun, í New York. Fatalínan frá Rogan er hugsuð sem innlegg í atvinnuuppbyggingu í Afríku og öðrum þróunarlöndum auk þess sem hún á að tengja saman félagslega umbótastefnu og tískustrauma að sögn þeirra sem standa að henni.



**HASSAN NASRALLAH** Leiðtogi Hizbollah var ómyrkur í máli á þriðjudaginn og fordæmdi afskipti Bandaríkjamanna af Líbanon og ályktun Sameinuðu þjóðanna þar sem samtökin eru hvött til að afvopnast.

Hizbollah:

## *Flokkur Guðs*

**Saga:**
Hizbollah-samtökin voru stofnuð árið 1982 af líbönskum sjíum með stuðningi írónsku klerkastjórnarinnar. Tilgangurinn var að berjast gegn innrás Ísraelsmanna í Líbanon. Framan af voru samtökin mjög róttæk og frömdu ýmis hermdarverk. Til dæmis eru þau talin hafa sprengt upp bandaríska herstöð árið 1983 með þeim afleiðingum að hundruð manna fórust. Á níunda áratugnum voru hins vegar mannrán sérgrein Hizbollah. Eftir að friður komst á í Líbanon hafa samtökin orðið hófsamari.

**Fjármögnun:**
Frjáls framlög frá líbönskum útlögum en mestu munar um stuðning Írana. Klerkastjórnin er talin styðja Hizbollah um rúman milljarð króna í hverjum mánuði.

**Hernaður:**
Barðist gegn ísraelsku hernámi í suðurhluta Líbanon. Á endanum höfðu Ísraelsmenn sig á brott þaðan en enn er þó deilt um örlítið svæði á landamærunum þar sem af og til kemur til átaka. Um 20.000 manns eru undir vopnum á vegum Hizbollah.

**Stjórnmálastefna:**
Hizbollah hefur lengstum barist fyrir að klerkaveldi verði komið á í Líbanon en á síðustu árum hafa samtökin tekið upp hófsamari stefnu. Í dag sitja níu Hizbollah-menn á líbanska þinginu og búist er við að samtökin muni styrkja stöðu sína í kosningunum í júní.

**Félagsstarf:**
Hizbollah rekur skóla, heilsugæslustöðvar og tannlæknastofur í suðurhluta Líbanons þar sem sjíar eru í miklum meirihluta. Einnig vinna samtökin við vegagerð og vatnsveitur á svæðinu.

**Leiðtogar:**
Nokkrar fylkingar eru innan Hizbollah en samt sem áður hefur Hassan Nasrallah verið óskoraður foringi þeirra síðan 1992. Mohammad Hussein Fadlallah erkiklerkur er hins vegar andlegur leiðtogi samtakanna.


2005

vor í lofti

– sérstakur glaðningur fyrir árrisula



tilboðsdagar í Leifsstöð

Það er vor í lofti í Flugstöð Leifs Eiríkssonar. Dagana frá **15. til 28. mars** verða verslanir á svæðinu með spennandi tilboð á ýmsum vörum.

Allir farþegar, sem mæta í innritun fyrir kl. 6 að morgni, fá páskagjöf og njóta sértilboða í verslunum flugstöðvarinnar.

Páskagjöfin er afhent í innritunarsal og í afgreiðslu Securitas á bílastæðum.

Athugið að innritun hefst kl. 5.00.

**30%** afsláttur af herrayfirhöfnum

**15%** afsláttur af Baguette m/skinku og osti, kaffi Latte og ferskum appelsínusafa

**15%** afsláttur af öllum veitingum

**15%** afsláttur af öllum snyrtivörum

**15-50%** afsláttur af töskum

**20%** afsláttur af Cintamani flíspeysum og Teva sandölum

**15%** afsláttur af allri vöru frá Sand

**20%** afsláttur af Gucci og Dior sólgleraugum

Reykjavik Excursions

Þeir sem taka rútu Kynnisferða kl. 5.00 fá **15% afslátt.**

SECURITAS

Þeim sem mæta á einkabílum fyrir kl. 6 býðst að geyma bílinn **frítt í tvo sólarhringa** á bílastæði Securitas.

ferð til fjár!
Fríverslun Leifsstöð



99 kr. dagurinn
99 kr/stk.
Barna bolur
Fyrstur kemur fyrstur fær
99 kr/stk.
Herra flauelisbuxur
99 kr/stk.
Dömu bolur
99 kr/stk.
Barna poncho
99 krparið
Inniskór
99 kr/stk.
Ilmkerti og ilmolíur
99 kr/stk.
Einnota myndavél
3 í pakka
99 kr/pk.
Mikka mús, Bangsímon kassar 29x48x20 cm
99 kr/stk.
Bangsímon kassar 40x50x25 cm
99 kr/stk.
Bassett hundur 30cm
Tilboðin gilda 15. mars eða meðan birgðir endast.
HAGKAUP
Skemmtilegast að versla


99 kr/stk.
Pepsi 2 ltr.
99 kr/stk.
Risabrauð 1 kg
99 kr/stk.
Myllan hálfmáni
99 kr/pk.
Linda McCartney réttir
99 kr/pk.
GK kjúklingaskinka
99 kr/stk.
Burtons Toffe Pops, Homeblest, Ballerina
99 kr/pk.
M&M hnetur 250g
99 kr/stk.
Hagkaups ís súkkulaði, vanillu
99 kr/kg
Savoy kál
99 kr/stk.
Mysingur
HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

# skoðun

SJÓNARMIÐ
KÁRI JÓNASSON

Tilboði pólskrar skipasmíðastöðvar tekið í endurbætur á tveimur varðskipum Landhelgisgæslunnar.

## Viðgerð og endurbætur á Ægi og Tý

Skipasmíðaiðnaður á Íslandi hefur átt í miklum vanda mörg undanfarin ár. Vandi þessa iðnaðar er síður en svo bundinn við okkur því miklar og sterkar siglingaþjóðir með háþróaðan skipasmíðaiðnað hafa orðið undir í samkepninni við skipasmíðastöðvar þar sem laun eru lág. Sú tíð er liðin hér á landi að stór fiskiskip og strandferðaskip séu smíðuð í innlendum skipasmíðastöðvum, og öll meiriháttar viðhaldsverkefni á íslenska fiskiskipa- og kaupskipaflotanum eru nú unnin erlendis.

> **Það skal engan undra að þungt hljóð sé í starfsmönnum Slippstöðvarinnar vegna niðurstöðu mála. Þeir hafa sínar skoðanir á því hvernig að þessu máli var staðið og lái þeim hver sem vill þegar haft er í huga að ekki munaði nema um 13 milljónum króna á tilboði Slippstöðvarinnar og Pólverja.**

Í annað skiptið á fáum árum hefur Landhelgisgæslan boðið út endurbætur og viðhald á þeim tveimur varðskipum sem enn er haldið úti allt árið. Innlendar skipasmíðastöðvar, og þá sérstaklega Slippstöðin á Akureyri, höfðu gert sér vonir um að fá verkið, enda virtist verkefnið hæfilega stórt fyrir stöðina og unnið yrði þá að því í ár og á næsta ári. Í síðustu viku varð svo ljóst að Ríkiskaup leggja til að samið verði við pólska skipasmíðastöð um endurbætur á varðskipunum Ægi og Tý. Verkið var boðið út á Evrópska efnahagssvæðinu og við Íslendingar verðum að fara að þeim reglum sem þar gilda ef útboðið er á annað borð auglýst þar. Þetta verða menn að hafa í huga. Það er svo allt annað mál hvort ekki hefði verið hægt að fara aðrar leiðir í þessum efnum áður en útboðið var auglýst. Það er vitað að öll lönd reyna innan ákveðins ramma að stuðla að því að viðskipti og verkefni ýmiss konar, ekki síst í sambandi við skipasmíðar, haldist í heimalandinu, en við Íslendingar tökum oft ekki við okkur fyrr en um seinan.

Valgerður Sverrisdóttir, iðnaðar- og viðskiptaráðherra, sagði í viðtali við Fréttablaðið í gær að hún myndi skoða nú í vikunni hvort hægt væri að endurskoða eða breyta samningnum sem Ríkiskaup hafa gert vegna varðskipanna. Hún sagðist vera vonsvikin með að horft væri framhjá íslenskum skipasmíðastöðvum eins og gerðist í þessu tilfelli. Henni rennur blóðið til skyldunnar, því Slippstöðin er í hennar kjördæmi, en Ríkiskaup heyra hins vegar undir fjármálaráðherrann, sem er bæði í öðrum flokki og öðru kjördæmi.

Það hlýtur að vera ákveðið hagræði í því að gera við skipin hér innanlands og íslenskum skipasmiðum ætti ekki síður að vera treystandi til þess að inna verkið af hendi en pólskum. Reyndar hljóta starfsmenn Slippstöðvarinnar orðið að þekkja íslensku varðskipin út og inn því þau hafa oft verið þar vegna viðgerða og endurbóta á undanförnum áratugum.

Það skal engan undra að þungt hljóð sé í starfsmönnum Slippstöðvarinnar vegna niðurstöðu mála. Þeir hafa sínar skoðanir á því hvernig að þessu máli var staðið og lái þeim hver sem vill þegar haft er í huga að ekki munaði nema um 13 milljónum króna á tilboði Slippstöðvarinnar og Pólverja. ■


Vilt þú auka hlut og áhrif kvenna í stjórnmálum?

**Komdu á kvennafund**



Fundur um stofnun kvennahreyfingar Samfylkingarinnar verður haldinn í Kornhlöðunni fimmtudaginn 17. mars nk. kl. 20.

Málshefjendur:
**Steinunn Valdís Óskarsdóttir** borgarstjóri
**Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir** þingmaður
**Jóhanna Sigurðardóttir** þingmaður
**Guðrún Birna Ingimundardóttir,** í stjórn UJ
Fundarstjóri: **Arndís Anna Gunnarsdóttir,** ritari framkvæmdastjórnar UJ

Nánari upplýsingar er að finna á heimasíðu Samfylkingarinnar www.samfylking.is

Samfylkingin


## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Hnignandi veldi

Viðskiptablaðið fjallaði fyrir helgina um hnignun svokallaðs Engeyjarveldis í íslensku viðskiptalífi. Segir blaðið að menn úr Engeyjarætt, sem áður voru áberandi í stjórnun stórra fyrirtækja, hafi smám saman verið verið að hverfa úr þeim stöðum. Nýjasta dæmið sé stjórnarkjör í Flugleiðum á fimmtudaginn en þar hafi höfuð ættarinnar í viðskiptalífinu, Benedikt Sveinsson, vikið úr stjórn. Orðrétt segir blaðið: „Benedikt hefur verið að fara úr hverri stjórninni af annarri á síðustu árum. Hann hefur víða komið við á síðustu árum og m.a. setið í stjórn Eimskips, Sjóvár Almennra trygginga, SR-mjöls og Granda. Í þessu samhengi má geta þess að Benedikt dró sig út úr stjórn Marels í fyrra og í staðinn kom sonur hans, alþingismaðurinn Bjarni Benediktsson. Nú er hann líka horfinn úr stjórninni eftir að skipt var um tvo stjórnarmenn í Marel í síðustu viku.“ Loks segir Viðskiptablaðið að sá eini af Engeyjarætt sem enn sé í áberandi stöðu í viðskiptalífinu sé Einar Sveinsson sem er formaður stjórnar Íslandsbanka.



### Lífsmark

Ekki er samt allt líf og fjör hlaupið úr Engeyjarættinni. Björn Bjarnason er á sínum stað í stjórnmálunum. Valgerður systir hans er meðal forystumanna Samfylkingarinnar. Og í síðustu viku reyndu Engeyingar í félagi við öfluga menn í viðskiptalífinu tangarsókn að Árvakri, útgáfufélagi Morgunblaðsins. Sagt er að þeir hafi áhuga á því að sameina blaðið Símanum og ríkissjónvarpstöðinni Skjá einum, þegar þau fyrirtæki hafa verið einkavædd. En Kristinn Björnsson, sem nú er orðinn einn helsti ráðamaður Árvakurs, er sagður hafa stöðvað þessi áform – í bili að minnsta kosti. Hann starfaði með Engeyingum þegar þeir áttu olíufélagið Skeljung. Sagt er að Kristinn sé tilbúinn að kaupa þá hluti í útgáfufélaginu sem eru falir og telji sig ekki þurfa liðveislu Engeyjarættarinnar til að stjórna Morgunblaðinu.

gm@frettabladid.is

## Við erum ekki öll eins

Í DAG
UM MINNIHLUTAHÓPA



VALGERÐUR BJARNADÓTTIR

Um daginn var haldinn fundur þar sem rætt var um að taka upp skólabúninga. Fréttir af fundinum herma að hugmyndin þyki góð. Af eigin reynslu get ég vitnað um að það er ákaflega þægilegt að eiga barn sem sækir skóla í sérstökum búiningi. Í okkar tilfelli var það svo að við fórum út á haustin og keyptum bláar buxur og peysur til skiptanna og skyrtur við. Svo þurfti ekki að hafa meiri áhyggjur af því. Drengurinn var reyndar frekar æstur yfir að mega ekki vera í því sem ég kalla strigaskó en heitir víst eitthvað allt annað, enda ku hafa verið vont að spila fótbolta í leðurskónum sem uppfylltu reglurnar og reyndar kom í ljós síðar að honum hundleiddist að „vera alltaf í sömu fötunum“. Ekki held ég þó að hann hafi haft af þessu neinn skaða, enda þeir heppnir sem lifa ekki við alvarlegri leiðindi en þessi.

> **Menntun, uppeldi og innræting á svo að miða að því að við skiljum og vitum að venjur okkur, trúarbrögð eða trúleysi eru öll jafn rétthá þó ólík séu. Kannski ætti að þvo munninn á fólki með sápu sem notar orðalag eins og „þetta fólk“ þegar það talar um Tælending, Pólverja, homma eða komma.**

Vafalaust hafa áhrif skólabúninga verið viðfangsefni margra lærða ritgerða. Mismunandi efnahagur birtist ekki í klæðnaði barnanna, liðsheildin eflist og væntanlega fleira sem telja má jákvætt. En búningar af hvaða sort sem er hljóta líka að bera það í sér að reyna að steypa alla í sama formið. Það er vont, vegna þess að hvers konar fjölbreytni gefur lífinu lit. Fólk á að fá að vera og lífa lífinu eins og það vill. Breytir þar engu um þótt þær lífsvenjur séu aðrar en þær sem fjöldinn kýs sér.

Um daginn var viðtal í sjónvarpinu við tvær konur um nauðsyn þess að fræða börn í grunnskólum um samkynhneigð og líf þeirra sem þannig hneigjast. Gott viðtal fannst mér og fróðlegt. Daginn eftir heyrði ég af tilviljun viðtal við fulltrúa Samtakanna ‘78 á Útvarpi Sögu. Ég dáðist að konunni sem talað var við fyrir að ganga ekki út og skella á eftir sér hurðum. Væntanlega hefði samt enginn heyrt hurðaskellinn og það var örugglega gáfulegra og betra til árangurs að sitja áfram og svara yfirgengilegum spurningum forpokaða þöngulhaussins sem stjórnaði þættinum. „Er ekki nóg að við umberum ykkur, þurfið þið nú réttindi líka“, eitthvað í þessa áttina var ein spurningin og aðrar eftir því.

Þröngsýni af þessu tagi er stórhættuleg og nauðsynlegt að útrýma henni. Það á sannarlega við í okkar litla landi nú þegar íbúum af alls konar þjóðerni og kynþáttum fjölgar í landinu. Með lögum og reglum verður að tryggja þeim sem hér vilja búa sama rétt og þeim sem fyrir bjuggu. Menntun, uppeldi og innræting á svo að miða að því að við skiljum og vitum að venjur okkur, trúarbrögð eða trúleysi eru öll jafn rétthá þó ólík séu. Kannski ætti að þvo munninn á fólki með sápu sem notar orðalag eins og „þetta fólk“ þegar það talar um Tælending, Pólverja, homma eða komma. Ég heyrði ýjað að því á fundi um daginn að „útlendingar“, og þá var átt við fólk sem ekki hefur hvítan hörundslit, væri ekki jafn fært til vinnu og við þessi útvöldu. Það var jafnvel látið að því liggja að þeir væru almennt frekar miklir sóðar, og þá erum „við“ náttúrlega svona voðalega hreinleg og pottþétt. Líklega vegna þess hvað athugasemdir af þessu tagi fara í taugarnar á mér gladdist ég innilega þegar virðuleg eldri frú sagði við mig um daginn þar sem hún liggur á sjúkrahúsi „Þær bera af“. Hverjar, spurði ég eins og asni þar sem svört kona stóð í gættinni. Nú þessar útlensku, sagði frúin.

Við eigum að bera virðingu hvert fyrir öðru og skoðunum hvers annars þótt ólíkar séu. Þessari lífsskoðun hendi ég hins vegar út í hafsauga þegar kemur að því að bera virðingu fyrir skoðunum sem upphefja eitt lífsmunstur yfir annað, eina menningu yfir aðra eða einn þjóðflokk yfir annan. Þá dettur mér helst í hug að segja „Er ekki nóg að þú hafir þessar skoðanir, þarf ég nú að hlusta á þær líka“. Svona eru umburðarlyndi okkar allra væntanlega takmörk sett. Þá er kannski galdurinn sá að detta ekki í þá gryfju að halda að manns eigið umburðarlyndi sé betra eða æðra umburðarlyndi annarra, því ef maður gerir það er maður orðinn eins og þeir sem maður gagnrýnir – eða hvað? ■





LESTU GREININA Á VISIR.IS
OG SEGÐU SKOÐUN ÞÍNA

vísir



FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 – prentmiðlar RITSTJÓRI: Kári Jónasson FRÉTTARITSTJÓRAR: Sigurjón M. Egilsson og Sigmundur Ernir Rúnarsson AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Jón Kaldal FULLTRÚI RITSTJÓRA: Guðmundur Magnússon RITSTJÓRNARFULLTRÚI: Steinunn Stefánsdóttir AUGLÝSINGASTJÓRI: Þórmundur Bergsson RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **AÐALSÍMI: 550 5000** SÍMBRÉF Á FRÉTTADEILD: 550 5006 NETFÖNG: **ritstjorn@frettabladid.is** og **auglysingar@frettabladid.is** VEFFANG: **visir.is** UMBROT: 365 – prentmiðlar PRENTVINNSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. **dreifing@posthusid.is** Fréttablaðinu er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| REYKJAVÍK | 7.46 | 13.37 | 19.29 |
| AKUREYRI | 7.31 | 13.21 | 19.13 |

*Heimild: Almanak Háskólans*


# allt

FRÉTTABLAÐIÐ


[ **heilsa o.fl.**
Eru biðstofutímaritin skaðleg?
BLS. 3 ]



SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000

*Góðan dag!*

**Í dag er þriðjudagurinn 15. mars, 74. dagur ársins 2005.**





**Smáauglýsingar á 995 kr. visir.is**

**Smáauglýsingar**
*byrja í dag á bls. 4*

**Flokkar**

- Bílar & farartæki
- Keypt & selt
- Þjónusta
- Heilsa
- Skólar & námskeið
- Heimilið
- Tómstundir & ferðir
- Húsnæði
- Atvinna
- Tilkynningar

**Þú getur pantað smáauglýsingar á www.visir.is**

vísir




FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Halldóru finnst mjög skemmtilegt í jazzfunki.

# Íþrótt sem gefur mér mikið

***Halldóru Rut Bjarnadóttur, dagskrárgerðarkonu í þættinum Fríða og Dýrið á Popptíví, finnst mikilvægt að stunda íþrótt sem gefur henni bæði útrás og kraft.***

„Ég hef mjög gaman af dansi og þá sérstaklega jazzballett. Ég var aðeins byrjuð að æfa jazzfunk hjá Yesmin í Kramhúsinu fyrir áramót. Það er virkilega skemmtilegt og gefandi. Planið er að fara á næsta námskeið hjá henni. Mér finnst mikilvægt að stunda íþrótt sem gefur mikið af sér í stað þess að hugsa um hvort brennslan sé nægileg. Það er þessi góða útrás sem skiptir öllu máli og að ég fíli íþróttina sem ég stunda, en þá öðlast ég kraft og innri ró,“ segir Halldóra en hún lætur dansinn ekki nægja. „Ég stunda einnig líkamsrækt og er að byrja í henni eftir langa pásu. Ég brenni á stigvélinni oggeng á bretti með halla upp í móti og lyfti síðan á kvöldin. En mikilvægt er samt að halda í fjölbreytni hvað hreyfingu varðar og vera virkur í útivist. Ég er nú samt ekki í neinu rosalegu átaki heldur brenni þegar mér hentar og finnst voða gott að lyfta á kvöldin eftir langan dag.“

„Ég borða hollan og góðan mat, mikið af ávöxtum og grænmeti og drekk mikið af vatni, en það er mjög mikilvægt fyrir bæði heilsu og líðan að fá nóg af náttúrulegum vítamínum. Um helgar læt ég eftir mér og fæ mér sætindi og alls konar góðgæti, elda einhvern góðan rétt með karlinum mínum og fæ mér dýrindis eftirrétt. Stjana aðeins við mig. Virka daga hef ég nóg fyrir stafni og langar svo sem ekkert oft í sælgæti eða eitthvað óhollt þó löngunin læðist oft upp að manni. Þá er bara allt í lagi að leyfa sér stundum. Málið er að finna hinn gullna meðalveg,“ segir Halldóra Rut Bjarnadóttir.

*lilja@frettabladid.is*

## LIGGUR Í LOFTINU
*fyrir heilsuna*

**Hávaði í umhverfi barna** getur verið svo mikill að hann valdi heyrnarskaða. Niðurstöður hávaðamælinga í skólum og leikskólum benda til þess að húsnæðið sé ekki alltaf nógu vel hannað hvað hávaða og ómtíma varðar. Rannsóknir í nálægum löndum sýna að heyrnarskaði og eyrnasuð meðal barna og ungs fólks fer vaxandi og má leiða líkur að því að ástandið hér sé svipað. Önnur áhrif hávaða geta verið streita, höfuðverkur, truflun á málþroska og námsgetu og fleira. Til að vekja umræðu og leita úrræða til bóta verður haldin ráðstefna um þetta vandamál 1. apríl næstkomandi. Hægt er að skrá sig á heimasíðu Umhverfisstofnunar á ust@ust.is og í síma 591-2000.

**Meirihlutinn vill reyklausa veitinga- og skemmtistaði**
Niðurstöður nýrrar könnunar Lýðheilsustöðvar og Gallup á viðhorfi landsmanna til reyklausra veitingahúsa eru þær að rúmlega sextíu prósent aðspurðra eru fylgjandi því að allir veitinga- og skemmtistaðir séu reyklausir. Um 85,5% fólks segjast myndu fara jafnoft eða oftar á þessa staði ef þeir væru reyklausir. Einnig töldu 93,8% svarenda það vera skaðlegt fyrir heilsu fólks að vinna í umhverfi þar sem reykt er.

**Hjartaþræðingar á Akureyri**



Verið er að kanna hvort forsendur séu fyrir að gera hjartaþræðingar á Fjórðungssjúkrahúsinu á Akureyri. Jón Kristjánsson, heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra, svaraði fyrirspurn um málið á Alþingi í vikunni. Í umræðum sem spunnust vegna fyrirspurnarinnar lagði ráðherra áherslu á að aðgerðirnar væru afar sérhæfðar, það þyrfti mikla reynslu til að gera þær og það yrði að tryggja að hjartasjúklingar fengju þjónustu af því tagi sem fyrir er veitt á Landspítalanum. Undirstrikaði ráðherra að málið væri í skoðun, það væri flókið og að engar ákvarðanir hefðu verið teknar.

*heilsa@frettabladid.is*





Langþráð tækifæri til að komast að sumarlagi í beinu leiguflugi til St. John's höfuðborgar Nýfundnalands

**Sumarferð til Nýfundnalands í Kanada 11. - 19. ágúst!**



Skipulagðar hópferðir frá kr. 119.000
St.John's frá 73.900 flug, gisting og skattar

Gósenland til ferðalaga og útivistar. Besti ferðatími sumarsins.
Stórbrotin náttúra, söguslóðir, vinalegar byggðir og gestrisni.

**Margir ferðamöguleikar:**
Fræðsluferð Skógræktarfélaganna. Sjá: www.skog.is
Söguferð á Víkingaslóðir m.a. til L´Ans aux Meadows
Gönguferð í Grose Morne, fegursta þjóðgarði Kanada
Útvegum bílaleigubíla og gistingu.
VR- og Mastercard ávísanir gilda.

HÓPFERÐAMIÐSTÖÐIN VESTTRAVEL VESTFJARÐALEIÐ

**Bókanir og allar nánari upplýsingar: Hópferðamiðstöðin - Vestfjarðaleið, Hesthálsi 10, 110 Rvík, s.562 9950/587 6000 info@vesttravel.is www.vesttravel.is**

**Tómatar**
Tómatar eru hollir og góðir. Þeir eru uppfullir af nauðsynlegum vítamínum og rannsóknir hafa sýnt að regluleg neysla á tómötum getur komið í veg fyrir hjartaáfall.


























FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

„Skortur á góðri hvíld getur haft mjög alvarlegar afleiðingar fyrir heilsufar manna og þegar kemur að vaktavinnustétt eins og sjómönnum er nauðsynlegt fyrir þá að fá góða hvíld.“

# Góð hvíld er lífsnauðsynleg

***Lovísa Ólafsdóttir hjá Liðsinni Solarplexus rannsakaði svefnvenjur sjómanna og tók rannsóknin tæp fjögur ár. Þrátt fyrir að hafa starfað að vinnuvernd í fjórtán ár segist hún sjaldan eða aldrei fengið eins opinn og skemmtilegan hóp.***

„Þeir tóku þessu fegins hendi. Svo má kannski segja að það hafi verið forréttindi fyrir mig að fá að kynnast þessum mikla karlaheimi,“ segir Lovísa, augljóslega ánægð með sjómennina sína.

Niðurstöður rannsóknarinnar segir Lovísa ekki hafa komið á óvart því sambærilegar rannsóknir hafi verið gerðar á svefnvenjum vaktavinnuvinnufólks í Svíþjóð. „Vinna sjómanna er skilgreind sem hörð vaktavinna, þar sem tveir hópar skipta milli sín fjórum vöktum. Annars vegar er unnin nætur- og síðdegisvakt og hins vegar morgun- og kvöldvakt.“ Lovísa segir það taka líkamann um fimm daga að endurstilla klukkuna sína eftir vakt. „Sjómenn eru hins vegar oft að vinna á annarri vaktinni einn túrinn, hoppa í land í tvo til þrjá daga og fara út aftur og vinna þá á hinni.“ Þetta segir Lovísa valda því að líkamsklukkan verði hreinlega skökk og líkaminn fari að vinna gegn sjálfum sér. Þetta geri ennfremur að verkum að hormónastarfsemin brenglast, blóðþrýstingurinn hækkar, blóðsykur eykst og starfsemi annarra líffæra örvast ásamt því að mótstöðuafl líkamans minnkar. „Skortur á góðri hvíld getur haft mjög alvarlegar afleiðingar fyrir heilsufar manna og fyrir vaktavinnufólk eins og sjómenn er nauðsynlegt fyrir þá að fá góða hvíld.“

Meðal annarra atriða sem rannsóknin sýndi fram á var að fjöldi svefngloppa hafi komið fram á þeim tímum þegar líkamsstarfsemin hafi átt að vera hvað minnst og því hætta á slysum mikil. „Til þess að skynja svefn þarftu að vera sofandi í þrjár til fjórar mínútur. Svefngloppur eru augnablik þar sem menn gera sér ekki grein fyrir því að þeir eru sofandi. Menn eru þá ekki meðvitaðir um þær hættur sem eru í kringum þá.“

Enn fremur segir Lovísa að hún hafi látið mæla hávaða í svefnrými sjómanna, hann hafi mælst í kringum 85 desibil en æskilegt er að hann fari ekki mikið yfir 50 desibil í svefnrýmum starfsmanna. „Hávaði er einn af áhrifaþáttum svefns. Það er algengt að menn telji sig venjast honum en það er ekki rétt, menn tapa bara heyrn.“

Lovísa segir enn fremur að heilsufar sjómanna hafi verið talsvert lakara en gengur og gerist hjá meðalmanninum. „Þeir eru með hæstu tíðni reykinga meðal starfstétta og drekka mikið kaffi. Þetta hefur allt mikil áhrif á svefnvenjur þeirra og gerir það að verkum að þeir hvílast ekki nægilega vel,“ segir Lovísa, sem bætir þó við að með einföldum forvörnum, reglulegu heilsufarseftirliti og auknu þoli megi koma í veg fyrir að heilbrigði sjómanna sé stefnt í voða. ■

# Sædís heldur vel utan um sjómenn

***Í Lystadúni-Marco eru seldar sérstakar sjómannadýnur og sýna rannsóknir að sjómenn sofa betur og lengur á þeim en gömlu dýnunum sínum.***

„Við höfum náttúrlega verið að þjónusta sjávarútveginn í meira en fimmtíu ár og fyrstu sjómannadýnurnar okkar voru framleiddar um árið 1950. Við höfum þróað þessar dýnur alla leið síðan til að falla sem best inn í þær aðstæður sem sjómenn búa við. Þær eru auðvitað allt aðrar en á landi því skipið vaggar og öldurnar dynja á því,“ segir Halldór Snædal, sölustjóri Lystadún-Marco.

„Nýjasta dýnan okkar kallast Sædís og við höfum unnið að þróun hennar í fjögur ár. Sædís er allt öðruvísi en fyrri dýnur, hún er lagskipt og á yfirborðinu er mjúkur þrýstijöfnunarsvampur. Það lag formast um sjómanninn og hann hreyfist minna í öldugangi. Undirlagið er líka mýkra en áður og virkar eiginlega sem stuðdempari og tekur stærstu og mestu höggin af sjómanninum. Kantarnir á dýnunni eru stífir og því myndar dýnan eins konar vöggu utan um sjómanninn.“



FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

**Halldór var í óðaönn að skera tugi sjómannadýna fyrir stóra útgerð þegar ljósmyndara bar að garði.**

„Allur öryggisbúnaður sjómanna dugar skammt þegar þeir fá ekki hvíld á lélegum dýnum og geta varla staðið fyrir þreytu. Sædís einangrar mjög vel og því ná sjómenn upp líkamshita fljótt og sofna fyrr. Á lélegum dýnum tekur það allt upp í klukkutíma að ná upp líkamshita og það er líka erfitt að sofna þegar öldugangur úti fyrir leiðir inn í líkama sjómannsins. Þeir sem hvílast vel missa færri túra vegna bakeymsla og veikinda og því sparar dýnan útgerðunum gríðarlegan pening,“ segir Halldór. ■

## SÖLVI GEFUR GÓÐ RÁÐ

### Áföll

Flest höfum við orðið fyrir lífsreynslu sem kom okkur úr jafnvægi. Í þessu hollráði ætla ég að leyfa mér að fjalla um slíka lífsreynslu sem áföll þó þau séu kannski smávægileg miðað við önnur og meiri áföll.

**Viðbrögð okkar við áföllum skiptast venjulega í fimm þætti:**

1. Afneitun
2. Reiði
3. Að kenna einhverju/einhverjum um
4. Þunglyndi
5. Útgönguleið

Dæmi:
Við stígum á vigt og sjáum að við höfum þyngst um 5 kíló!

1. Vigtin hlýtur að vera biluð!
2. Af hverju í ósköpunum er verið að setja upp bilaða vigt hér?
3. Nú verð ég í vondu skapi í allan dag vegna þess að „þeir" settu þessa vigt hér!
4. Getur virkilega verið að ég hafi þyngst svona mikið?
5. Þú drífur þig í líkamsrækt.

**Ávinningur líkamsræktar**

Vitað er að líkamsrækt hefur margs konar jákvæð áhrif á okkur. En hvers konar líkamsrækt hefur líka aðrar og meiri „aukaverkanir" í formi þess að okkur líður betur ef við hreyfum okkur reglulega. Það leiðir aftur til þess að við förum að gera meiri kröfur til okkar sem og annarra. Þetta gerist vegna þess að líkamsrækt styrkir okkur ekki bara líkamlega heldur einnig andlega.

**Hvernig getur líkamsrækt styrkt okkur andlega?**

Rannsóknir hafa sýnt fram á að við eigum allt að 70% auðveldara með að taka ákvarðanir þegar við stundum líkamsrækt reglulega og markvisst. Þetta gildir að sjálfsögðu jafnt um hversdagslegar og mikilvægari ákvarðanir.

**Líkamsrækt og þunglyndi**

Rannsóknir hafa einnig sýnt að líkamsrækt getur komið betur út en lyfjameðferð við ýmsum tegundum þunglyndis.

**Boðskapurinn er því**

Stundaðu líkamsrækt því þú stendur eftir sterkari á líkama og sál! Það skiptir nefnilega ekki mestu máli hvað kemur fyrir okkur í lífinu heldur hvernig við bregðumst við því.
Þetta og fleiri hollráð er að finna á vefsvæði Heilsuráðgjafar, www.heilsuradgjof.is

**Sölvi Fannar Viðarsson**
Er framkvæmdastjóri Heilsuráðgjafar. Hann hefur starfað við einkaþjálfun og heilsuráðgjöf um árabil.



# Eru biðstofublöðin óholl?

***Læknar við Oslóarháskóla hafa nú birt niðurstöður vísindalegrar rannsóknar á því hvort tímaritin á læknabiðstofunni séu hættuleg heilsu manna.***



Það gefur auga leið að þar sem margir koma saman til að leita sér lækninga hljóta margar bakteríur að vera líka. Læknar við Oslóarháskóla gerðu rannsókn á bakteríugróðri í tímaritum á læknabiðstofum og niðurstöðurnar birtust í blaði breskra heimilislækna í janúar síðastliðnum.

Tekin voru bakteríustrok af forsíðum tímarita á læknastofu og fundust bakteríur á þeim öllum. Hins vegar fundust ekki nema tvö tilvik um sjúkdómsvaldandi bakteríur. Hugsanlegt er að bakteríurnar hafi ekki lifað af tímann sem leið frá því strokin voru tekin þar til þau voru rannsökuð, sem getur bent til þess að forsíður tímarita bjóði ekki upp á þau lífsskilyrði sem slíkar bakteríur þurfa.

Niðurstöður rannsóknarinnar voru því þær að ólíklegt megi teljast að hægt sé að smitast af einhverri óværu með því að blaða í tímaritum á læknastofunni. ■

# Bóluefni gegn HIV í Kína?

***Í Kína er talið að meira en milljón einstaklingar séu HIV-smitaðir.***

Í Kína eru nú hafnar tilraunir með bóluefni gegn HIV-veirunni. 49 sjálfboðaliðar á aldrinum 18-50 ára; 45 karlar og fjórar konur, munu taka þátt í þessum tilraunum og verða þau sprautuð með bóluefninu á næstu dögum. Opinberar tölur frá Kína segja 840 þúsund manns vera smitaða af veirunni en heilbrigðisstofnanir á vegum SÞ telja það vera mun fleiri og vara við því að allt að tíu milljónir manna gætu hafa smitast árið 2010 ef ekkert verður gert til að hefta útbreiðslu sjúkdómsins. Tilraunir á mönnum með bóluefni gegn HIV standa yfir í mörgum löndum en ennþá hefur ekkert fundist sem hefur afgerandi áhrif á sjúkdóminn. ■



Talið er að tíu milljónir Kínverja verði smitaðar af HIV ef ekki verður gripið til róttækra aðgerða.

# Exemkrem talið geta valdið krabbameini

***Tvær gerðir af exemáburði hafa í Bandaríkjunum verið úrskurðaðar mögulega krabbameinsvaldandi. Mælt er gegn notkun kremanna á ungbörn.***

Heilbrigðisyfirvöld í Bandaríkjunum hafa úrskurðað að tvær gerðir áburðar sem notaður er á exem eigi að bera aðvörun þess efnis að mögulegt sé að notkun þeirra auki hættuna á húðkrabbameini. Þessar tvær gerðir heita Elidel og Protopic og hefur matvæla- og lyfjastofnun Bandaríkjanna (FDA) mælt gegn því að þessi krem séu notuð á ungbörn. Virkni þessarar gerðar áburðar felst í því að bæla niður ónæmiskerfið og hafa komið upp þrettán tilfelli krabbameins sem rakin eru beint til notkunar á kreminu. Exem er húðsjúkdómur sem lýsir sér í þurrkablettum, roða og þrota í húð. Protopic-áburður fæst hér á landi gegn lyfseðli. ■



Exem getur verið hvimleiður sjúkdómur sem ber að meðhöndla af varkárni.





















ROPE YOGA
stöðin Bæjarhrauni 22
**Nýtt 5 vikna tímabil 29. mars – 30. apríl**
**Kennt verður 20 sinnum í viku !!!**
Kennari Guðbjörg Ósk Friðriksdóttir. Skráning er hafin í síma 555-3536 eða 695-0089 ropeyoga@internet.is
Bæjarhraun 22 / 220 Hafnarfjörður / 3. hæð til vinstri

Slim-Fast
Nærir og grennir
Með Slim-Fast sem hluta af daglegu mataræði fær líkaminn flest þau næringarefni sem hann þarfnast um leið og gengið er á aukakílóin.

Berglind léttist um 7 kíló* með Slim-Fast
* á 2 mánuðum


Kinesiologi - Touch For Health (TFH)
vöðva-og hreyfifræði
kennari Jarle Tamsen
Byrjendanámskeið TFH 1 og 2 13.04 til 16.04.´05
Upprifjun TFH 1 og 2 17.04.´05
"Esoteric" kinesiologi 1 og 2 18.04.´05 til 21.04.´05
Námskeiðin eru öllum opin sem áhuga hafa á bættri andlegri og líkamlegri heilsu.
Námskeiðin verða haldin í Rósinni, Bolholti 4, Reykjavík
Nánari upplýsingar og skráning: www.nuddfelag.is
og hjá Betu 694 2830 og Bryndísi 690 7437
Félag Íslenskra Heilsunuddara FÍHN
Nánari upplýsingar og skraning á heimasíðu Félags Íslenskra Heilsunuddara www.nuddfelag.is

BIOMEGA -gæðin vís
LIÐA PLÚS
- gott fyrir liðina -
Byggir upp liðbrjósk.
Glúkósamín 500gm
og Kondróitín 400 mg
fæst í apótekum og stórmörkuðum.


GIGTARFÉLAG ÍSLANDS
**Ertu með langvinna verki?**
Gigtarfélag Íslands stofnar áhugahóp fólks með langvinna verki í dag 15. mars kl. 19:30 á Grand Hótel Reykjavík við Sigtún
**Dagskrá stofnfundarins**
19:30 **Ávarp og stofnun hópsins**
*Emil Thóroddsen framkvæmdastjóri GÍ*
19:50 **Áhrif langvinnra verkja á einstaklinginn**
*Dr. Eiríkur Líndal sálfræðingur LSH*
20:20 **Hlé** (Hægt er að kaupa kaffi í hléinu)
20:40 **Þrálátir verkir nútíma faraldur**
*Magnús Ólason, endurhæfingarlæknir á Reykjalundi*
21:10 **Umræður og fyrirspurnir**
21:30 **Fundarlok**
*Allir velkomnir*



Satisfaction með Rolling Stones var eitt laganna sem notuð voru í rannsókninni.

# Með lag á heilanum

***Vísindamenn reyna að komast að því af hverju sum lög valda okkur næstum áráttukenndum endurtekningum.***

Vísindamenn eru alltaf að reyna að finna út hvað það er sem gerir það að verkum að fólk hneigist meira að sumum lögum en öðrum og af hverju sum lög eða lagabútar kalla á næstum áráttukenndar endurtekningar, löngu eftir að þau hætta að hljóma.

Nokkrir doktorsnemar við Dartmouth-háskóla í Bandaríkjunum gerðu rannsókn á því hvar í heilanum lög hljóma og hvar við geymum þau svo þegar við heyrum þau ekki lengur. Rannsóknin var gerð þannig að sjálfboðaliðar voru látnir hlusta á lög sem var lækkað niður í öðru hvoru þannig að þeir heyrðu bara hluta af lögunum. Þeir voru einnig tengdir við heilaskanna sem fylgdist með starfsemi heilans á meðan á hlustuninni stóð, einkum í þeirri heilastöð sem tengist eyrunum. Lögin voru ýmist þekkt eða óþekkt og var munur á heilastarfseminni eftir því hvort áheyrendur þekktu lögin eða ekki. Þegar lögin voru þekkt var starfsemi í hlustunarstöðinni óbreytt hvort sem lögin hljómuðu eða ekki og sjálfboðaliðarnir sögðust heyra lögin í huganum þótt ekkert heyrðist af bandinu. Fólk hélt með öðrum orðum áfram að syngja kunnuglegu lögin í huganum þó þau væru hætt að hljóma í eyrunum. Því þekktari sem lögin voru, því líklegra var fólk til að halda áfram að „heyra“ þau þótt þau heyrðust ekki. Það virtist líka skipta máli hvort lagið var klárað. Lög sem ekki voru spiluð til enda voru líklegri til að halda áfram að hljóma í huga sjálfboðaliðanna. Einnig var misjafnt hvaða hlutar hlustunarstöðvarinnar voru virkir eftir því hvort lagið hafði texta eða ekki og málstöðvar heilans sýndu líka virkni þegar þögn var í lögum með texta. Minningar tengdar lögunum gerðu það síðan að verkum að enn fleiri og ólíkari heilastöðvar sýndu virkni.

Stundum hefur verið talað um að fólk fái lög „á heilann“ og sú virðist vera raunin en spurningunni um af hverju sum lög eru ágengari en önnur hefur enn ekki verið svarað. ■

# Hlátur jafnast á við leikfimi

***Gamanmyndir eru mun heilsusamlegri en æsispennandi stríðsmyndir.***

Hláturinn eflir geð og ekki síður hjartað ef marka má niðurstöður nýrrar bandarískrar rannsóknar. Hjartasérfræðingar í Flórída hafa komist að því að hlátur víkkar æðarnar og eykur blóðflæðið – með svipuðum hætti og gerist þegar fólk tekur á í leikfimisalnum.

Gerð var rannsókn á 20 sjálfboðaliðum og þeir látnir horfa á valin atriði í gamanmyndinni Kingpin og hins vegar átakanlegt upphafsatriði stríðsmyndarinnar Saving Private Ryan. Að meðaltali jókst blóðflæði sjálfboðaliðanna um fimmtung þegar þeir veltust um af hlátri yfir Woody Harrelson í Kingpin en að sama skapi dróst blóðflæðið saman um rúman þriðjung þegar Saving Private Ryan kom á skjáinn. Þetta þýðir sumsé að gamanmyndir eru góðar fyrir heilsuna á meðan æsispennandi stríðsmyndir geta verið slæmar fyrir starfsemi hjartans. ■



Sjálfboðaliðar voru látnir horfa á upphafsatriði Saving Private Ryan og kom í ljós að blóðflæði til hjartans dróst saman um þriðjung.

# Trúir ekki á matarkúra

***Stórleikarinn Sylvester Stallone situr við tölvuna og skrifar af kappi.***

Stórleikarinn Sylvester Stallone er með bók í smíðum um mataræði sitt og líkamsræktaráætlun. Stallone tók upp á þessu því hann hafði fengið sig fullsaddan á spurningum um hvernig hann héldi sér svona unglegum en leikarinn er 58 ára gamall.



Stallone var vöðvafjall þegar hann var ungur maður en heldur sér líka vel í dag.

Stallone hyggst setja bókina á markað nú í sumar og heldur því fram að leyndarmál velgengni hans í heilsuræktarheiminum sé að gera allt í hófi. „Ég reyni að sjá hvað hefur virkað fyrir mig í gegnum árin og held mig við það. Einn daginn ét ég gjörsamlega yfir mig en þann næsta passa ég mig. Megrunarkúrar virka ekki,“ segir Stallone. ■



Það er algengur siður að hefja daginn á rjúkandi heitum kaffibolla.

# Kaffi virkar gegn krabba

***Daglegi kaffibollinn eða kaffibollarnir þurfa ekki vera svo slæmir fyrir heilsuna.***

Kaffibolli getur gert meira en að örva fólk heldur getur hann komið í veg fyrir algengustu gerð lifrarkrabbameins. Þetta er nokkuð sem japanskir vísindamenn halda fram og bera fyrir sig rannsókn á 90 þúsund manns. Samanburður var gerður á fólki sem drakk kaffi daglega eða því sem næst og svo þeim sem aldrei bragða þennan vinsæla drykk. Kom í ljós að kaffifólkið var helmingi ólíklegra til að fá lifrarkrabbamein. Kaffið er sem sagt ekki alslæmt en það er líka staðreynd að of mikið koffein getur verið slæmt fyrir aðra þætti heilsunnar – til dæmis taugakerfið. ■

Stafganga í Laugardal
Fimm vikna námskeið hefst 22.mars kl 17:30
gengið er á Þriðjudögum og fimmtudögum
Skráning og upplýsingar á www.stafganga.is
eða í 616 8595 og 694 3571

LYFJA
Við mælum blóðfitu
Pantaðu tíma
í Lágmúla í síma 533 2308
Smáratorgi í síma 564 5600

PRODERM
Hlaupabóla
Virkar frábærlega á hlaupabólu!!
Kláði og sviði hverfur strax.
Betri líðan.
CE
Skráð lækningavara
100 skammtar í brúsa
Fæst í apótekum
www.celsus.is


metasys
Bylting í þyngdarstjórnun
**Öflugt grænt te í hylkjum frá Metasys**
Metasys er staðlað 100% lífrænt ræktað grænt te í hylkjum og inniheldur hvert hylki 375 mg af EGCg catechol sem er virkasta efnið í græna telaufinu og er eitt hylki á við 80-100 bolla af grænu tei. Metasys er klínískt rannsakað og er það öflugasta á markaðinum til fitubrennslu.

Fyrir konur og karla
Fæst í apótekum og heilsubúðum
metasys@simnet.is • www.metasys.is
sími 5517020

**Skemmtilegt sölustarf !**
Vilt þú kynna falleg og vönduð kvenföt á heimakynningum? Góð laun í boði fyrir réttan aðila, stuðningur, þjálfun og frábær félagsskapur.
**Allar nánari upplýsingar í síma 565 3900 og á www.clamal.is**

**Óskum eftir starfsfólki á kvöldvaktir !!**
Við hjá Skúlason leitum að fólki 18 ára og eldri við úthringingar, fjölbreytt og skemmtileg verkefni að fara að stað. Fast tímakaup og mikil vinna í boði. Almenn tölvukunnátta æskileg. Hafðu samband í síma 575 1500 og leggðu inn umsókn.
**Skúlason ehf, Laugavegi 26, s. 575 1500, www.skulason.is**

**10-11 Fullt starf !**
10-11 óskar eftir duglegu starfsfólki í verslanir sínar í fullt starf. Vinnutími ca frá kl. 8 til 17.00. Umsækjendur skulu vera fæddir '85 eða fyrr.
**Áhugasamir geta sett inn umsókn á vefslóðinni www.10-11.is eða fyllt út umsóknareyðublöð í verslununum sjálfum.**

**Bakaríið hjá Jóa Fel.**
Okkur vantar hresst og duglegt starfsfólk í fullt starf í afgreiðslu.
**Uppl. á staðnum og í s. 588 8998, 863 7579 Linda Rós. Bakaríið Hjá Jóa Fel, Kleppsvegi 152.**

Vilt þú vinna heima og byggja upp vaxandi aukatekjur? Þjálfun í boði 7-10 klst. í viku. Halldóra Bjarna hjúkrunarfræðingur, sími 861 4019 www.HalldoraBjarna.is

**Símadömur óskast!**
Rauða Torgið vill komast í samband við hlýjar og hressar símadömur. Nánari upplýsingar fást á vefsíðu okkar, www.raudatorgid.is.

**Au-pair**
Barngóð au-pair óskast til hálf-íslenskrar fjölskyldu á rólegum og öruggum stað í Ísrael. Uppl. í síma 697 9191.

Zinkstöðin Hafnarfirði óskar eftir starfskröftum til vinnu. Framtíðarstarf í boði fyrir rétta aðila. Upplýsingar veitir Ragnar í síma 896 5759 milli kl. 9 & 17.

Verkamenn óskast í byggingavinnu í Grafarholti. Góður aðbúnaður. S. 892 3207.

Vantar duglega og skemmtilega iðnaðar- og verkamenn til starfa á höfuðborgarsvæðinu. Ört vaxandi fyrirtæki þar sem er góður mórall og öflugt starfsmannafélag Umsóknir liggja frammi á skrifstofu að Skútahrauni 15, Hf Þórsafl hf, sími 893 9398, Hjörtur.

**Sjómenn ATH!**
Háseta vantar á Steinunni Finnbogadóttur BA 325 sem stundar netaveiðar frá Grindavík. Uppl. í s. 852 2388, 863 2692 & 863 6665.

Smiðir óskast í fjölbreytta smíðavinnu. Um framtíðarstörf er að ræða fyrir rétta aðila. Möguleiki á flokkssjórnun. KA ehf byggingaverktaki. Uppl. í síma 660 4060, Kári og á netfang kaehf@simnet.is

**Björnsbakarí**
Starfskraftur óskast til afgreiðslustarfa. Vinnutími frá 13:00 til 19:00, möguleiki á aukavöktum um helgar. Uppl. á staðnum á milli 11 og 12 eða í síma 551 1531. Björnsbakarí Skúlagata. Ingunn.

Vantar duglega starfsmenn í reiðhjólasamsetningar. Góð laun fyrir duglega. Þurfa að getað byrjað strax eða fljótlega. Uppl. í s. 821 0040.

Sérverkefni. 800-1.200 þús. á mán. Metnaður skilyrði. S. 844 1268.

Starsfólk óskast til framtíðarstarfa í Bakarí. Uppl. gefur Guðný í s. 551 3524, Sandholt.

Verkamaður óskast í plastiðnað, ekki yngri en 18 ára. Lyftara og meirapróf æskilegt. Þarf að getra hafið störf sem fyrst. S. 895 5888.

Englakroppar Heilsustúdíó óskar eftir röskum starfskrafti í fullt starf og hlutastarf. Uppl. í s. 587 3750.

**Smurbrauð/eldhús**
Óska eftir starfsmanni í smurðbrauðsdeild bakarameistarans. Vinnutími frá 05-13 virka daga auk þriðja hverja helgi. Viðkomandi verður að vera á bíl. Uppl. í s. 897 5470 eða á www.bakarameistarinn.is Starfsmaður verður að vera stundvís, reglusamur og snyrtilegur.

**Smurstöð/Hjólbarðaþj.**
Vanur maður á smurstöð og hjólbarðaþjónustu óskast. Um framtíðarstarf er að ræða. Uppl. í s 562 6066.

Grunnskóli Seltjarnarness Mýrarhúsaskóli. Laust er til umsóknar starf í starfsmannaeldhúsi Mýrarhúsaskóla. Um er að ræða 60% starf fyrir hádegi. Upplýsingar gefur Hafsteinn Jónsson s. 822 9120.

Grunnskóli Seltjarnarness Mýrarhúsaskóli Óskum eftir að ráða starfsmann í hlutastarf eftir hádegi til að starfa með börnum í lengdri viðveru í Mýrarhúsaskóla. Upplýsingar gefur Marteinn Már Jóhannsson aðstoðarskólastjóri, s. 595 9200.

## TILKYNNINGAR

### Tapað - Fundið

Bjartur er týndur! 2ja ára merkt kisa, hvít með brúnum deplum, týndist í Kópavogi. Ef þú hefur séð hana hafðu þá samband í síma 696 1623.

### Fundir

**Fræðslufundur um kynhegðun íslenskra ungmenna.**
Verður í dag 15. mars kl. 17 í Litlu Brekku, Bankastræti 2. Með framsögu fara, Dagbjört Ásbjörnsdóttir mannfræðingur og Sigurlaug Hauksdóttir félagsráðgjafi. Að fræðslufundinum loknum verður aðalfundur samtakanna.
**Fræðslusamtök um kynlíf og barneignir (F.K.B)**

### Einkamál

NÝTT á einkamál.is
**Stefnumót**
**Jolli9**
18ára kk. Höfuðborgarsvæðið
Ég er drengur í leit að stelpu á svipuðum aldri.
má ekki vera feimin.
Áhugamál mín eru: ég er fótboltamaður og æfi með liði á höfuðborgarsvæðinu...
Gagnkynhneigð(ur)
einkamal.is

NÝTT á einkamál.is
**Stefnumót**
**Jolli9**
18ára kk. Höfuðborgarsvæðið
Ég er drengur í leit að stelpu á svipuðum aldri.
má ekki vera feimin.
Áhugamál mín eru: ég er fótboltamaður og æfi með liði á höfuðborgarsvæðinu...
Gagnkynhneigð(ur)
einkamal.is




## TILKYNNINGAR

Reykjavíkurborg
Faxaflóahafnir sf Associated Icelandic Ports

# MÝRARGATA-SLIPPASVÆÐI RAMMASKIPULAG
## Opinn kynningarfundur

Miðvikudaginn 16. mars nk., verður haldinn opinn kynningarfundur á rammaskipulagstillögu Mýrargötu-slippasvæðis. Fundurinn verður haldinn að Grandagarði 8 og hefst kl. 17.00.

**Dagskrá:**
1) Fulltrúi stýrihóps verkefnisins kynnir þá vinnu sem farið hefur fram.
2) Fulltrúar ráðgjafahóps kynna tillögu að rammskipulagi svæðisins.
3) Fyrirspurnir úr sal.

Allir þeir sem áhuga hafa á skipulagi svæðisins eru hvattir til að mæta.

HÖNNUN BJÖRN ÓLAFS

## ATVINNA

# BAADERMANN (Háseta)

BAADERMAÐUR óskast á frystitogarann ÞÓR frá Hafnarfirði.

**Upplýsingar í símum 555 2605 og 892 2222.**

**OKKUR VANTAR**
# PÍPARA / SMIÐ



Til starfa hið fyrsta í krefjandi og skemmtilegu umhverfi hjá fyrirtæki með metnað!

**Kröfur:**
- Heiðarleiki
- Reynsla í viðhaldsvinnu
- Hæfni og lipurð í mannlegum samskiptum
- Sjálfstæð vinnubrögð

Spennandi tækifæri fyrir réttan aðila

Umsóknir sendist til Fréttablaðsins merkt: **"Handlaginn '05"**

Eða sendið tölvupóst á **handlaginn@handlaginn.is** (ath. uppl. ekki gefnar í síma)

HANDLAGINN

## FASTEIGNIR

☎ 533 4800
MIÐBORG fasteignasala
**Laugavegur 182 • 105 Rvík • Fax 533 4811 • midborg@midborg.is**
Björn Þorri hdl., lögg. fastsali, Karl Georg hrl., lögg. fastsali.

## Gnoðarvogur





**134,1 fm mjög góð neðri sérhæð auk 32,2 fm bílskúrs í fallegu fjórbýli við Gnoðarvog.** Hæðin sem er með sérinngangi skiptist í forstofu, hol, gestasnyrtingu, þrjú stór svefnherbergi, bjarta stofu, glæsilegt baðherbergi, eldhús með borðkrók og búri. Suður svalir. Geymsla og þvottahús í kjallara. *5386.* **V. 28,9 m.**

# LYNGVÍK FASTEIGNASALA

## OPIÐ

**mánudaga-fimmtudaga frá kl. 9-18, föstudaga frá kl. 9-16. Svo er GSM-inn alltaf opinn.**


Sigrún Gissurardóttir, lögg. fasteignasali


Steinar S. Jónsson, sími 898 5254


Daníel Björnsson, sími 897 2593


Þorsteinn Austri sölufulltrúi, sími 820 3466

### ENGIHJALLI



Mjög góð 3ja herbegja 90 fm íbúð á 3. hæð með miklu útsýni og tvennum svölum. Tvö góð herbergi með parketi á gólfum og skápum. Björt stofa með parketi á gólfi og suður svölum. Gott eldhús með góðri innréttingu. Sjónvarpshol. Húsið ný málað að utan. Sameign er góð. Þvottahús á hæðinni. (2900)

### GVENDARGEISLI MEÐ STÆÐI Í BÍLAGEYMSLU OG SÉRINNG.



Mjög góð 127,5 fm 4ra herbergja íbúð á annari hæð. Íbúðin er hin vandaðasta glæsilegar innréttingar, baðherbergi flísalagt og gólf í þvottahúsi flísalagt. Í öllum herbergjum er skápar nema í hjónaherbergi er fataherbergi. Frá stofu er gegnið út á suður svalir. Þetta er vönduð eign með miklu útsýni.

### HRAUNBÆR - GÓÐ ÍBÚÐ



Mjög góða 95 fm 3ja herbergja íbúð á 2.hæð að Hraunbæ. Endurnýjað eldhús og gólfefni. V. 16,7 m.

### KÁRSNESBRAUT - MEÐ AUKAHERB. OG BÍLSKÚR



3ja herbergja 112,5 fm íbúð á 1. hæð með bílskúr og aukaherbergi sem hefur aðgengi að snyrtingu í vel staðsettu húsi. Verð. kr. 17,9 m.

### GRÝTUBAKKI



Góð 4ra herbergja 101 fm íbúð. Þrjú góð herbergi tvö með skápum. Björt stofa og borðstofa með útgengi a vestur svalir. Gott studíoeldhús með nýlegri innréttingu og Simens uppþvotttavél sem fylgir. Gólfefni eru gegnheilt parket. Baðherbergi með flísum á gólfi, innréttingu og tengi fyrir þvottavél. Hús ný málað að utan og önnur sameign góð og vel viðhaldið. Stutt í alla þjónustu og skóla.

### DRÁPUHLÍÐ - 4RA HERBEGJA RISÍBÚÐ



4ra herbergja risíbúð að Drápuhlíð. Íbúðin er samkvæmt fasteignamati 55 fm en er ca 70 fm að grunnfleti. V. 14,0 m

### VESTURBERG GLÆSILEGT ÚTSÝNI



Mikið endurnýjuð 4ra herbergja 114 fm endaíbúð á efstuhæð með yfirbyggðum suðvestur svölum, og glæsilegu útsýni yfir borgina og flóann. Íbúðin er er að mestu endurnýjuð svo sem eldhús, baðherbergi og gólfefni. Verð kr. 17,9 m.

### MÖÐRUFELL MIKIÐ ENDURNÝJUÐ



Vorum að fá í sölu. Mikð endurnýjuð 3ja herbegja 78 fm íbúð á 3ju hæð. Verð 13,2 m

### GARÐABÆR - EINBÝLI MEÐ AUKA ÍBÚÐ





Mjög gott einbýlishús með samþ.aukaíbúð í kjallara, og stórum bílskúr við Hraunhóla. Húsið skiptist í efri sérhæð sem er 132 fm ásamt 45 fm bílskúr. Íbúðin er mikið endurnýjuð, parket á gólfum, beyki-hvít eldhús innrétting og góðar suðvestur svalir. Á neðrihæð er samþ. 70 fm 2ja herb. íbúð með sér innangi. **Verð kr 41.5 m.** (1680)

### ÞÓRÐARSVEIGUR 30 MEÐ STÆÐI Í BÍLAGEYMSLU





Eigum eftir eina 3ja herbegja íbúð 105 fm og tvær 4ra herbergja íbúðir 118 og 122 fm. Öllum íbúðunum fylgja stæði í bílageymslu. Íbúðirnar afhendast fullbúnar með gólfefnum í mai nk. Allar íbúirnar snúa út í skjólgóðan suður garð. Verð á 3ja herbergjka íbúð er kr. 21,2 m Verð á 4ra herbergja íbúð er kr. 22,7 m og 23,5 m.

### KLEIFARSEL – PARHÚS MEÐ SÉRSTÆÐUM BÍLSKÚR





Mjög gott 152,2 fm parhús á tveimur hæðum og 27,4 fm sérstæður bílskúr. Á neðri hæðinni er gestasnyrting, tvær stofur og gegnið útí garð frá báðum stofum. Eldhús með fallegri innréttingu og borðkrók. Á efri hæðinni eru 3. góð barnaherbergi og stórt hjónaherbergi með skáp og stórum suðvestur svölum. Baðherbergi með baðkari, sturtuklefa og glugga. Bílskúrinn er sérstæður með millilofti. **Afhending í apríl nk. (2471)**

### HÓFGERÐI - EINBÝLI Í VESTURBÆ KÓPAVOGS





Vorum að fá í sölu mjög fallegt og vel staðsett 158,2 fm einbýlishús á tveumur hæðum að hluta með innbyggðum 32,8 fm bílskúr. Fallegur gaður með sólpalli og heitum potti. Verð 36,8 m.

### 2JA HERB.



**SÆBÓLSBRAUT MEÐ SÉRMERKTU BÍLASTÆÐI** Vorum að fá í sölu góða tveggja herbergja íbúð í kjallara með góði suður verönd og sérmerktu bílastæði. Gott herbergi með skápum. Björt stofa. Studíoeldhús með fallegri innréttingu. Baherbergi með tengi fyrir þvottavél. Góð sameing

### ATVINNUHÚSNÆÐI



**BÍLDSHÖFÐI** LAUST VIÐ KAUPSAMN. Höfum fengið til sölumeðferðar atvinnuhúsnæði 142,4 fm með stórum innkeyrsludyrum og góðu malbikuðu plani fyrir framan. Góð aðkoma er að þessu húsnæði. Allar nánari upplýsingar á skrifstofu Lyngvík fasteignasölu S. 588-9490

### LANDIÐ



**VOGAR VATNSLEYSUSTRÖND - VOGAGERÐI** • **LAUS VIÐ KAUPSAMN.** Góð 3ja herbergja íbúð á fyrstu hæð í Vogunum. Sér geymsla og suður svalir. Mjög snyrtileg eign á góðum stað.

### VERSLUNARHÚSNÆÐI



**SKIPHOLT - GLÆSILEGT FYRIR T.D. VERSLUN EÐA SKRIFSTOFUR**
3 verslunarpláss 78-100 fm Áhvílandi 10.0 - 12.0 m með 6,3 % vöxtum til 25 ára. Eignir eru til afhendingar í apríl 2005.

### SUMARBÚSTAÐIR



**KÓNGSVEGUR - GRÍMSNESI**
Velviðhaldin og góður 57,2 fm sumarbústaður með stórri verönd sem stendur á 6,257 fm eingarlóð. Þrjú herbergi. Stofa. Studíoeldhús. Baðherbergi með sturtu. Heitt og kalt vatn. Rafmagn. Stutt á golfvöllinn og í alla þjónustu. Kjörin eign fyrir náttúru unnendur og aðra sem vilja njóta þess að fara í golf. (2473)

**OKKUR VANTAR ALLAR GERÐIR EIGNA Á SKRÁ!**

## KAUPHÖLL ÍSLANDS [HLUTABRÉF]

**ICEX-15** 3.857 **+0,30%**

**Fjöldi viðskipta:** 207
**Velta:** 2.347 milljónir

| MESTA HÆKKUN | | MESTA LÆKKUN | |
|---|---|---|---|
| **Þormóður Rammi** | 10,00% | **Össur** | -1,20% |
| **Hampiðjan** | 3,17% | **Flugleiðir** | -0,69% |
| **Actavis** | 2,78% | **Bakkavör** | -0,61% |

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** Actavis 40,70 +2,78% ... Atorka 6,05 +0,83% ... Bakkavör 32,60 -0,61% ... Burðarás 13,75 +0,36% ... Flaga 5,45 – ... Flugleiðir 14,30 -0,69% ... Íslandsbanki 11,75 +0,43% ... KB banki 525,00 – ... Kögun 58,00 – ... Landsbankinn 14,85 – ... Marel 56,40 +0,36% ... Og fjarskipti 4,04 +1,00% ... Samherji 11,20 – ... Straumur 10,10 – ... Össur 82,00 -1,20%

# viðskipti

vidskipti@frettabladid.is nánar á visir.is

## *Peningaskápurinn...*

### Gott útlit hjá KB banka

Á markaði eru menn rétt búnir að lesa sig sadda af ársuppgjörum þegar þeir byrja að undirbúa sig undir að fá upplýsingar um rekstrarniðurstöðu á fyrsta ársfjórðungi. Fyrsta ársfjórðungi lýkur eftir tvær vikur og þá verður þess ekki langt að bíða að fyrirtæki á markaði birti tölur sínar. Nú eru margir sérstaklega spenntir að sjá stöðuna hjá KB banka. Í fyrra skilaði bankinn ríflega fimmtán milljarða hagnaði. Nú velta menn hins vegar fyrir sér hvort hagnaðurinn á fyrstu sex mánuðum ársins verði jafnvel meiri en allt árið í fyrra. Mörg stór verkefni hjá fyrirtækjasviði bankans skila miklum tekjum auk þess sem menn hafa reiknað sér til að hagnaður bankans aukist um fjögur til fimm hundruð milljónir fyrir hverja krónu sem Bakkavör Group hækkar í verði. Menn telja ekki óhugsandi að hagnaður KB banka á fyrsta ársfjórðungi verði á bilinu átta til tíu milljarðar króna.



### Fljótir að meta Bakkavör

Það vakti líka athygli á markaðinum hversu fljót greiningardeild KB banka var að taka til endurskoðunar verðmat sitt á Bakkavör í kjölfar kaupanna á Geest. KB banki hækkaði mat sitt mjög og telur nú að reksturinn geti staðið undir því að gengi hlutabréfanna sé 37. Greiningardeildin gaf hins vegar álit sitt út með rækilegum fyrirvara og á forsíðu nýja verðmatsins stóð á áberandi stað með rauðum bókstöfum að athygli lesenda væri vakin á „viðskipta og eignatengslum milli KB banka og Bakkavarar Group“. Aðrar greiningardeildir hafa enn ekki birt nýjar greiningar á Bakkavör en fastlega er búist við að þær verði líka til hækkunar.

## MARKAÐSFRÉTTIR...

Hagnaður **Singer & Friedlandser** bankans, sem **KB banki** og **Burðarás** eiga stóran hlut í, var um þrír milljarðar króna.

**Eimksip** hefur opnað skrifstofu í Seattle í Washingtonríki á Vesturströnd Bandaríkjanna. **Andrew Mauritzen** mun veita skrifstofunni forstöðu.

Tæplega 3.700 hluthafar í **Íslandsbanka** ákváðu að fá arð fyrir árið 2004 greiddan út sem hlutafé í bankanum Hlutafé í fyrirtækinu verður því hækkað um tæplega 135 milljónir hluta að nafnvirði.

**FTSE** vísitalan í Lundúnum lækkaði um 0,14 prósent í gær en þýska **Dax** vísitalan hækkaði hins vegar um 0,16 prósent. Í Japan lækkaði **Nikkei** vísitalan um 0,62 prósent.

# Kröftugur hagvöxtur á síðastliðnu ári

Að mati Hagstofunnar var 5,2 prósenta hagvöxtur í fyrra. Hagvöxturinn er því heldur meiri en gert hafði verið ráð fyrir en mikill vöxtur í einkaneyslu er helsti drifkraftur hagvaxtar.

Einkaneyslan jókst um 7,5 prósent og hafði það meðal annars í för með sér að halli á viðskiptum við útlönd var töluverður, enda jókst neyslan hraðar en innlend framleiðsla.

Tölurnar benda til þess að nú ríki mikið góðæri. Á síðasta fjórðungi ársins í fyrra var einkaneyslan 9,2 prósentum meiri en á sama tíma árið áður. Fram kemur hjá Hagstofunni að þetta sé að stórum hluta rakið til þess að mikið var keypt af bílum og öðrum neysluvörum frá útlöndum.



**MIKILL INNFLUTNINGUR** Mikill innflutningur á bílum var í fyrra enda einkaneysla mjög mikil.

Annar stór þáttur í hagvextinum í fyrra er aukning í fjárfestingu sem vegur næstmest á eftir einkaneyslunni. Raunhækkun samneyslu, sem eru útgjöld ríkis og sveitarfélaga, er talin hafa verið 1,3 prósent.

Landsframleiðslan í fyrra var 859 milljarðar króna en var 797 milljarðar árið 2003. **- þk**

# Nýr forstjóri hjá Disney

Tilkynnt var um helgina að Michael Eisner léti af störfum hjá fyrirtækinu fyrr en áætlað hafði verið. Hann hættir þann 1. október og Robert Iger tekur við.

Eisner hefur stjórnað Disney í rúm tuttugu ár og náði í upphafi gríðarlegum árangri og varð einhver frægasti stjórnandi Bandaríkjanna. Á síðustu árum hefur hann mætt síaukinni gagnrýni og hefur stór hópur hluthafa neitað að styðja hann til setu í stjórn fyrirtækisins. Á undanförnum misserum hefur hagur Disney hins vegar vænkast meðal annars vegna bætts árangurs ABC-sjónvarpsstöðvarinnar.

Iger hefur verið í hópi æðstu stjórnenda hjá Disney síðan árið 2000 og búist er við að meðal helstu verkefna hans í upphafi verði að lagfæra samskipti Disney-fyrirtækisins við ýmsa samstarfsaðila en ýmis viðskiptasambönd hafa versnað á síðustu árum vegna persónulegra deilna Eisner við ýmsa menn í atvinnulífinu.



AP MYND

**NÝI FORSTJÓRINN** Robert Iger tekur við starfi forstjóra hjá Disney í haust.





FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

**Á FLJÚGANDI FERÐ** Pálmi Haraldsson hefur ásamt félaga sínum Jóhannesi Kristinssyni keypt hlut í stærsta lággjaldaflugfélagi Norðurlanda. Jóhannes hefur margra ára reynslu af flugheiminum og saman náðu þeir góðri arðsemi af fjárfestingu í Flugleiðum.

# Sterling keypt á fimm milljarða

**Eigendur Iceland Express hafa keypt stærsta lággjaldaflugfélag Norðurlanda og hyggjast einfalda reksturinn og snúa tapi í hagnað.**

Pálmi Haraldsson og Jóhannes Kristinsson sem kenndir eru við fjárfestingafélagið Feng hafa keypt stærsta lággjaldaflugfélag Norðurlanda, Sterling.

Kaupverðið er tæpir fimm milljarðar króna og segir Pálmi kaupin gerð með fyrirvara um áreiðanleikakönnun. Pálmi og Jóhannes eru aðaleigendur Iceland Express. „Við viljum ekkert gefa út um á þessari stundu hvort félögin verða sameinuð,“ segir Pálmi. Hann segir þó ljóst að sölu- og leiðakerfi verði samnýtt. Sterling er með nýlegan og hagkvæman flugflota og flýgur til 30 áfangastaða. Velta félagsins er um 20 milljarðar króna.

Vitað var um áhuga helstu eigenda Sterling um að selja félagið og meðal þeirra sem skoðuðu kaup á því voru FL Group sem er nýtt heiti Flugleiða.

Tap hefur verið á rekstri Sterling og segi Pálmi ljóst að endurskipuleggja þurfi þætti í rekstrinum og einfalda hann. Verkefnið sé að snúa við rekstrinum. Pálmi er rekstrarhagfræðingur og sérhæfði sig í fyrirtækjum þar sem tiltektar er þörf í rekstri. Hann var um tíma stjórnarmaður í Flugleiðum og stór hluthafi.

Sérfræðingar í flugrekstri telja að þróun á lággjaldamarkaði verði í þá átt að færri og stærri félög muni keppa um hylli farþega. Kaup eigenda Iceland Express eru væntanlega liður í að skapa sér stöðu í þeirri þróun. **- hh**



MBA

Frumkvæði, færni, forysta



Kynningarfundur um MBA nám í Háskóla Íslands
**fimmtudaginn 17. mars 2005 kl. 12.30** í Námunni,
húsi Endurmenntunar HÍ, Dunhaga 7, 107 Reykjavík.


Ingibjörg


Jón Gunnar


Magnús


Runólfur


Snjólfur

MBA námið í Háskóla Íslands er árangursríkur og hagkvæmur kostur fyrir alla þá sem vilja skapa sér ný sóknarfæri á vinnumarkaði og búa sig undir krefjandi stjórnunarstörf. Á fundinum munu stjórnendur námsins kynna það og MBA nemar munu segja frá reynslu sinni af náminu og möguleikunum að því loknu. Sérstaklega verður vikið að því hvernig MBA námið hefur nýst í starfi hjá fyrirtækjum sem eru í harðri samkeppni.

**Fimm einstaklingar segja frá náminu og reynslunni af því:**

- **Ingibjörg Óðinsdóttir**, MBA, ráðgjafi hjá IMG ráðgjöf.
- **Jón Gunnar Björnsson**, MBA nemi, framkvæmdastjóri IT-Íslands ehf.
- **Magnús Ragnarsson**, MBA, framkvæmdastjóri Skjás eins.
- **Runólfur Smári Steinþórsson**, dósent í viðskipta- og hagfræðideild og forstöðumaður MBA námsins.
- **Snjólfur Ólafsson**, prófessor í viðskipta- og hagfræðideild HÍ og formaður stjórnar MBA námsins.

Fundarstjóri: **Runólfur Smári Steinþórsson**, dósent og forstöðumaður MBA námsins.

**Allir velkomnir á fundinn.**
**Kaffiveitingar**

www.mba.is

H2 hönnun

V Viðskipta- og hagfræðideild Háskóla Íslands

UNIVERSITATIS ISLANDIAE SIGILLUM





**DAVID CRONENBERG (1943)**
á afmæli í dag.



*„Ég held að það sé engin vitneskja sem ætti að vera manninum hulin. Það eru bara til heimskulegir hlutir sem maðurinn ætti ekki að framkvæma.“*

***Forboðnir ávextir eru oftar en ekki yrkisefni kanadíska leikstjórans David Cronenberg og enda myndir hans yfirleitt með ósköpum. Meðal frægustu verka hans eru The Fly, Crash og Scanners.***

# tímamót

timamot@frettabladid.is

## ÞETTA GERÐIST

# *Sesar ráðinn af dögum*

Þennan dag árið 44 fyrir Krist var Gajus Júlíus Sesar ráðinn af dögum. Sesar fæddist árið 101 f. Kr. í hástéttarfjölskyldu í Róm. Hann hóf stjórnmálaþátttöku sína árið 78 f. Kr. og komst fljótt til metorða. Hann naut velvildar eins valdamesta stjórnmálamanns Rómar, Pompeiusar, og leysti hann af hólmi þegar Pompeius hvarf frá Róm árið 67 f. Kr.



**JÚLÍUS SESAR**

Árið 63 f. Kr. var Sesar kjörinn pontifex maximus, eða æðsti prestur Rómar, og síðar gerður að landstjóra á Spáni. Þegar hann flutti aftur til Rómar sóttist hann eftir embætti konsúls. Tveir gegndu embætti konsúls í einu, eitt ár í senn. Konsúlar réðu yfir hernum, öldungadeildinni, framvæmdavaldinu og utanríkismálum. Sesar myndaði bandalag, þrímenningastjórnina fyrri, með Pompeiusi og Crassusi, ríkasta manni Rómar, og var kjörinn konsúll árið 59 f. Kr. Undir stjórn Sesars þandist rómverska ríkið út sem og orðstír hans sjálfs. Fljótlega sló þó í brýnu milli hans og Pompeiusar og slitu þeir bandalagi sínu árið 53 f. Kr. Fjórum árum síðar fóru þeir í stríð hvor við annan sem lyktaði með sigri Sesars hálfu öðru ári seinna.

Sesar var nú konsúll og einvaldur Rómar og árið 45 f. Kr. lét hann tryggja sér það embætti til lífstíðar, en var ráðinn af dögum ári seinna. Um 60 manns komu að samsærinu um að ráða honum bana en þeir töldu að þeir gætu endurreist gamla lýðveldið. Það fór hins vegar þvert á annan veg því til valda komst frændi Sesars, Oktavíus, síðar þekktur sem Ágústínus keisari.

## MERKISATBURÐIR

**1493** Kristófer Kólumbus snýr aftur til Spánar eftir fyrstu siglinguna til nýja heimsins.

**1905** Bæjarsíminn er formlega opnaður. Fimmtán símar höfðu þá verið tengdir.

**1906** Rolls Royce bílaframleiðandinn er skráður á fyrirtækjaskrá.

**1939** Þjóðverjar hernema Tékkóslóvakíu.

**1953** Þjóðvarnarflokkur Íslands stofnaður. Hann starfaði í áratug og barðist fyrir brottför varnarliðsins.

**1961** Suður-Afríka segir sig úr Breska samveldinu.

**1964** Elizabeth Taylor giftist í fimmta sinn, í þetta skipti Richard Burton.

**1992** Sameinuðu þjóðirnar senda friðargæsluliða til Júgóslavíu.

---



*Yndislegur sonur okkar og bróðir,*

**Freddý Friðrik Þórhallsson**

Ránargötu 10, Grindavík,

er látinn.

| | |
|---|---|
| **Fanný Laustsen** | **Þórhallur Stefánsson** |
| **Arnfríður Eva Jónsdóttir** | **Atli Örn Jónsson** |
| **Þór Fannar Þórhallsson** | **Suzanne Bieshaar** |
| **Melkorka Dögg Þórhallsdóttir** | |
| **Heiðar Þórhallsson** | **Ragnheiður Ásgeirsdóttir** |

---



*Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Friðrik Guðmundsson**

Sunnuvegi 9, Hafnarfirði,

lést á hjúkrunarheimilinu Sólvangi 12. mars sl.

Útförin auglýst síðar.

**Elín Kristbergsdóttir,**
**Kristján S. Sigurgeirsson, Þorgerður Erlendsdóttir, Friðrik Friðriksson, Guðrún Helga Sigurðardóttir, Herborg Friðriksdóttir, Guðjón Sigurðsson, barnabörn og barnabarnabörn.**

---



*Áskær faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Ólafur Sverrisson**

fyrrverandi kaupfélagsstjóri í Borgarnesi og á Blönduósi, síðast til heimilis að hjúkrunarheimilinu Eir í Reykjavík,

lést á Landspítalanum Fossvogi þriðjudaginn 8. mars síðastliðinn. Jarðsungið verður 17. mars kl. 15.00 frá Fossvogskirkju.

| | |
|---|---|
| **Sverrir Ólafsson** | **Shameem Ólafsson** |
| **Hulda Ólafsdóttir** | **Stefán Stefánsson** |
| **Ingi Ólafsson** | **Ragnhildur Ásgeirsdóttir** |
| **Ólafur Ólafsson** | **Ingibjörg Kristjánsdóttir** |
| **Anna Elísabet Ólafsdóttir** | **Viðar Viðarsson** |

**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



*Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Jón Jens Guðmundsson**

frá Munaðarnesi, Strandasýslu,

lést á Hrafnistu Hafnarfirði 9. mars sl. Verður jarðsunginn frá Víðistaðakirkju mánudaginn 21. mars kl. 13.00.

| | |
|---|---|
| **Pálína Guðjónsdóttir** | |
| **Guðlaug Jónsdóttir** | **Tómas Einarsson** |
| **Guðmundur G. Jónsson** | **Sólveig Jónsdóttir** |
| **Guðjón Jónsson** | **Sigríður Jakobsdóttir** |
| **Samúel Jónsson** | **Bjarney Guðmundsdóttir** |
| **Erla Jónsdóttir** | **Ágúst Skarphéðinsson** |
| **Ragnar Jónsson** | **Þórey Guðmundsdóttir** |
| **Anna Jónsdóttir** | **Kristján Kristjánsson** |
| **Jón E. Jónsson** | **Antonia Rodrigues** |
| **Ólöf B. Jónsdóttir** | **Reynir Stefánsson** |

**Barnabörn og barnabarnabörn**

---

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli, andlát og jarðarfarir í smáletursdálkinn hér á opnunni má senda á netfangið timamot@frettabladid.is.

Auglýsingar á að senda á auglysingar@frettabladid.is eða hringja í síma 550 5000.

---



*Ástkær eiginkona mín og besti vinur, móðir okkar, dóttir, systir og tengdadóttir,*

**Helga Björg Svansdóttir**

músíkþerapisti, Malarási 15,

lést sunnudaginn 13. mars. Útför fer fram í Langholtskirkju föstudaginn 18. mars kl. 13.00.

**Árni Stefánsson, Heiðar Már Árnason, Una Svava Árnadóttir, Svanur Ingvason, Rán Einarsdóttir, Harpa Rut Svansdóttir, Stefán Tyrfingsson og María Erla Friðsteinsdóttir.**

---



*Elskuleg eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, systir, amma og langamma,*

**Þorbjörg Hulda Alexandersdóttir**

Kópavogsbraut 1b, Kópavogi,

andaðist á Landspítalanum í Fossvogi að morgni mánudagsins 14. mars.

| | |
|---|---|
| **Ingimar Sigurðsson** | |
| **Guðrún Kristinsdóttir** | **Helgi Stefánsson** |
| **Alexander Ingimarsson** | **Edda Ástvaldsdóttir** |
| **Guðmundur S. Ingimarsson** | |
| **Birna Rúna Ingimarsdóttir** | **Friðþjófur Th. Ruiz** |
| **Jórunn Alexandersdóttir** | **Lórens Rafn** |
| **barnabörn og barnabarnabörn** | |

---

Lokað í dag 15. mars vegna jarðarfarar
**Guðmundar Árna Jónssonar**
**Stálhúsgögn**
Skúlagötu 61

---



**BALDUR TRAUSTI HREINSSON** Eftirminnilegasti afmælisdagurinn þegar hann varð tvítugur. Þá hætti Baldur í skóla, fór vestur á firði og fékk rjúpu hjá mömmu.

BALDUR TRAUSTI HREINSSON LEIKARI 38 ÁRA

# Löggan í leikhúsinu

„Ég ætla ekki að gera neitt nema kannski elda góðan afmælismat,“ segir Baldur Trausti Hreinsson leikari, sem er 38 ára í dag. Baldur segist ekki vera mikið fyrir að halda upp á eigin afmæli en finnst þeim mun skemmtilegra að fara í afmæli annarra. Eftirminnilegasta afmælisdaginn segir hann hafa verið þegar hann varð tvítugur. „Ég er frá Ísafirði en var í námi hér í Reykjavík á þessum tíma. Daginn fyrir afmælið hætti ég í skóla og fór vestur til mömmu og pabba og fékk rjúpur í matinn. Það var ekki ónýtt.“

Baldur er önnum kafinn við bæði leik og æfingar í Þjóðleikhúsinu um þessar mundir. „Við erum í óðaönn að æfa verk eftir Birgi Sigurðsson sem heitir Dínamít og verður frumsýnt 20. apríl. Við vorum að ljúka sýningum á Dýrunum í Hálsaskógi, og sýningar á Mýrarljósi og Edith Piaf ganga vel fyrir fullu húsi.“

Baldur Trausti útskrifaðist úr Leiklistarskólanum fyrir átta árum og hefur verið áberandi í íslensku leikhúsi síðan. Baldur segist þó ekki hafa verið sérstaklega seinn að fá leiklistarbakteríuna. „Margir fara seint í skólann og eru síst verri fyrir vikið. Ég man að við Kjartan Guðjónsson vorum báðir þrítugir þegar við útskrifuðumst saman og hér erum við enn.“

Áður en hann innritaðist í Leiklistarskólann var Baldur lögreglumaður og sér síður en svo eftir að hafa skipt um vettvang. „Ég á margar góðar minningar úr lögreglunni en ég líki þessu ekki einu sinni saman,“ segir hann en bætir við að lögreglustarfið hafi nýst sér vel í leiklistinni. „Þarna fór maður á bak við tjöldin og kynntist öðrum hliðum mannlífsins og það hef ég getað nýtt mér sem leikari.“

En er Baldur þá ekki kjörinn til að leika rannsóknarlögreglumanninn Erlend, aðalpersónuna úr bókum Arnalds Indriðasonar, í væntanlegri kvikmynd? „Ég er of ungur, en ef þetta þróast út í lífseiga myndaseríu er aldrei að vita nema minn tími muni koma,“ segir hann kíminn. ■

## AFMÆLI

**Sveinbjörg Steinþórsdóttir**, sjúkraliði á heilsustofnun NLFÍ, Hveragerði, er sextug í dag og verður að heiman á afmælisdaginn.

**Þorsteinn Ólafsson** efnafræðingur er 54 ára í dag.



**Jóhann Einarsson** iðnrekstrar- og markaðsfræðingur er fertugur í dag.



**Arna Schram** blaðamaður er 37 ára í dag.

**Baldur Trausti Hreinsson** leikari er 38 ára í dag.

**Sigrún Grendal Jóhannesdóttir** píanókennari er 35 ára í dag.

**Arnar Þór Viðarsson** fótboltamaður er 27 ára í dag.

# Flugmálastjórnin sextug

Um þessar mundir heldur Flugmálastjórn Íslands upp á sextíu ára afmæli sitt, en stofnunin hóf starfsemi 15. mars 1945. Skipun fyrsta flugmálastjórans, Erlings Ellingsen, tók gildi 1. júlí sama ár. Agnar Kofoed-Hansen, sem var flugmálaráðunautur ríkisstjórnarinnar frá árinu 1936, varð flugvallarstjóri ríkisins og fyrsti formaður flugráðs árið 1947 og flugmálastjóri árið195.

Í tilefni af þessum tímamótum verður síðdegis á morgun opnuð afmælissýning í Tjarnarsal Ráðhúss Reykjavíkur þar sem Sturla Böðvarsson samgönguráðherra, Þorgeir Pálsson flugmálastjóri og Gísli Baldur Garðarsson, formaður flugráðs, halda stutt erindi áður en móttökugestir skoða sýninguna. Sýningin verður síðan opnuð almenningi á miðvikudag og verður opin alla daga frá kl. 12 til 19 til og með 23. mars.

Í tilkynningu flugmálastjórnar kemur fram að á sýningunni verði sýndar svipmyndir úr sögu Flugmálastjórnar. „Sýnt verður mikið safn bæði gamalla og nýrra ljósmynda og kvikmynda, m.a. fágæt kvikmynd af því þegar Bretar afhentu Íslendingum Reykjavíkurflugvöll árið 1946,“ segir þar. Að auki verða gestir fræddir um stjórnun flugumferðar á íslenska flugstjórnarsvæðinu. ■



**FLUGMÁLASTJÓRN** Rúmlega þrjú hundruð manns vinna hjá Flugmálastjórn Íslands og dótturfyrirtæki hennar, Flugfjarskiptum ehf. Flestir eru starfsmennirnir í Reykjavík, en stofnunin er einnig með starfsfólk á flugvöllunum víðs vegar um landið.

## ANDLÁT

**Jón V. Jónsson**, múrarameistari, hjúkrunarheimilinu Víðinesi, áður Stóragerði 16, Reykjavík, lést sunnudaginn 6. mars. Útförin hefur farið fram í kyrrþey.

**Haraldur Gíslason**, múrari, Gullsmára 10, Kópavogi, lést laugardaginn 12. mars.

**Friðrik Guðmundsson**, Sunnuvegi 9, Hafnarfirði, lést laugardaginn 12. mars.

**Guðmunda Jóhannsdóttir**, Hlíf 2, Ísafirði, lést laugardaginn 12. mars.

## JARÐARFARIR

**11.00 Guðmundur Árni Jónsson**, Skúlagötu 61, Reykjavík, verður jarðsunginn frá Fossvogskirkju.

**13.00 Aðalheiður Kristjánsdóttir**, Hamraborg 18, Kópavogi, verður jarðsungin frá Hafnarfjarðarkirkju.

**13.00 Bjarni Rafnar**, fyrrverandi yfirlæknir, hjúkrunarheimilinu Eir, Hlíðarhúsum, verður jarðsunginn frá Bústaðakirkju.

**13.00 Ragna R. Sigurðsson**, Espigerði 2, verður jarðsungin frá Fossvogskirkju.

**14.00 Guðbjörg Ólafía Jóhannesdóttir**, Hleinargarði, verður jarðsungin frá Egilsstaðakirkju.

**14.00 Reynir Davíð Þórðarson**, Njarðargötu 27, Reykjavík, verður jarðsunginn frá Glerárkirkju.

**15.00 Lára Hansdóttir**, kennari, Efstaleiti 12, Reykjavík, verður jarðsungin frá Dómkirkjunni.

**15.00 Steinar Pétursson**, sem lést á Landspítalanum í Fossvogi föstudaginn 4. mars, verður jarðsunginn frá Fossvogskirkju.

## FÆDDUST ÞENNAN DAG



**1767** Andrew Jackson, Bandaríkjaforseti.

**1810** Charles de Montalembert, rithöfundur.

**1824** Jules Chevalier, prestur og trúboði.



**1935** Judd Hirsch, leikari.



**1944** Sly Stone, úr Sly and the Family Stone.



**1947** Ry Cooder, tónlistarmaður.



**1955** Dee Snider, úr Twisted Sister.



**1961** Fabio, fyrirsæta.

**1962** Terence Trent D'Arby, tónlistarmaður.

**1968** Sabrina, söngkona.





## Aðal frétt dagsins

**Sjö varnartengiliðir í hópnum**

Hvorki fleiri né færri en sjö varnartengiliðir eru í landsliðshópnum sem tilkynntur var í gær fyrir leikina gegn Króötum og Ítölum í lok mánaðarins. Jafnframt voru aðeins tveir sóknarmenn valdir í hópinn sem segir okkur það að varnarleikur verður boðorð dagsins í þessum leikjum.

# sport

sport@frettabladid.is

**ÞÓRÐUR GUÐJÓNSSON:** FÉKK FRÉTTIR AF LANDSLIÐSVALI HJÁ BLAÐAMANNI FRÉTTABLAÐSINS

# *Er búið að tilkynna hópinn?*

Það vakti athygli að landsliðsþjálfararnir, Ásgeir Sigurvinsson og Logi Ólafsson, skyldu ekki velja Þórð Guðjónsson í landsliðshópinn fyrir leikina gegn Króötum og Ítölum. Það vekur ekki síður athygli að þeir sáu sér ekki fært að tilkynna Þórði um ákvörðun sína heldur kom það í hlut blaðamanns Fréttablaðsins sem hringdi í Þórð seinni partinn í gær.

„Er búið að tilkynna hópinn?" sagði Þórður undrandi þegar blaðamaður Fréttablaðsins sagði honum frá landsliðsvalinu. „Ég hafði ekkert heyrt frá neinum og þú ert að segja mér nýjar fréttir. Það er alveg á hreinu að ég er ekki valinn út af lélegri frammistöðu með landsliðinu. Þetta kemur mér virkilega á óvart og svolítið aftan að mér. „ sagði Þórður sem var greinilega nokkuð brugðið við tíðindin. „Ég er sár yfir því að það hafi ekki verið talað við mig og að ég þurfi að fá fréttirnar frá ykkur."

Þórður sagðist telja ástæðuna fyrir vali landsliðsþjálfaranna vera þá að hann væri ekki að spila reglulega með sínu liði.



Ef það er ástæðan kemur hún nokkuð á óvart því Þórður hefur oft leikið vel með landsliðinu þótt hann hafi ekki leikið reglulega. Nú síðast gegn Möltu í október þegar Þórður var í byrjunarliðinu nýstiginn upp úr meiðslum. Ásgeir landsliðsþjálfari á þátt í því að Þórður fór til Stoke enda stjórnarmaður hjá félaginu og Þórður er heldur ekki sáttur við hvernig það hefur farið.

„Ásgeir á stóran hlut í því að ég kom hingað," sagði Þórður en seldi Ásgeir honum það að ef hann kæmi fengi hann að spila? „Já, í raun og veru. Það er ástæðan fyrir því að ég kom til Stoke enda lækkaði ég mig mikið í launum með því að koma hingað með það fyrir augum að ég fengi tækifæri," sagði Þórður en finnst honum að hann hafi verið hafður að fífli? „Nei, ég myndi ekki orða það þannig en það er margt skrítið við þetta."

### > Við furðum okkur ...



... á því að Þórður Guðjónsson hafi þurft að heyra það frá blaðamanni Fréttablaðsins að hann væri ekki í landsliðshópnum. Þessi framkoma landsliðsþjálfaranna er til skammar og ættu þeir að sjá sóma sinn í að hafa samband við leikmanninn.

### > Við skiljum ekki ...

... af hverju Rúnar Kristinsson treystir sér ekki til að spila með landsliðinu gegn Króötum og Ítölum vegna meiðsla og veikinda jafnvel þótt leikirnir séu eftir tvær vikur. Það stoppaði þó ekki Rúnar í að spila heilan leik með Lokeren um helgina og því er ómögulegt að ætla annað en að hann hafi ekki áhuga á að spila fyrir Ísland.



## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**MARS**

12 13 14 **15** 16 17 18

**Þriðjudagur**

### SJÓNVARP

- ☐ 07.00 **Olíssport** á Sýn.
- ☐ 07.30 **Olíssport** á Sýn.
- ☐ 08.00 **Olíssport** á Sýn.
- ☐ 08.30 **Olíssport** á Sýn.
- ☐ 16.45 **Olíssport** á Sýn.
- ☐ 18.00 **Meistaradeildin í fótbolta** á Sýn. Fréttaþáttur um Meistaradeildina í fótbolta.
- ☐ 18.30 **World Supercross** á Sýn.
- ☐ 19.30 **Meistaradeildin í fótbolta** á Sýn. Bein útsending frá leik **Internazionale** og **Porto** í Meistaradeildinni í fótbolta.



- ☐ 22.00 **Olíssport** á Sýn.
- ☐ 23.15 **Meistaradeildin í fótbolta** á Sýn. Útsending frá leik **Internazionale** og **Porto** í Meistaradeildinni í fótbolta.

# Mikið áfall fyrir þýskan handbolta

**Alfreð Gíslason, þjálfari þýska félagsins Magdeburg, segir það slæmt fyrir þýskan handknattleik að ekkert þýskt lið skuli hafa komist í undanúrslit Meistaradeildarinnar.**

**HANDBOLTI** Þýska Bundesligan í handknattleik er af flestum talin sterkasta deild í heimi en deildin beið óneitanlega álitshnekki þegar engu þýsku liði tókst að tryggja sér sæti í undanúrslitum Meistaradeildarinnar. Logi Geirsson og félagar í Lemgo sáu aldrei til sólar í tveim leikjum gegn Evrópumeisturum Celje Lasko, Kiel tapaði naumt eftir miklu rimmu gegn Barcelona og sömu sögu má segja af toppliði þýsku deildarinnar, Flensburg, sem datt út gegn franska félaginu Montpellier með marki beint úr aukakasti á lokasekúndu leiksins.

Alfreð Gíslason stýrir einu besta liði Þýskalands, Magdeburg, og hann segir Þjóðverja í losti yfir úrslitum helgarinnar í Meistaradeildinni en betur gekk hjá þýskum liðum í EHF-keppninni þar sem þrjú þýsk lið eru í undanúrslitum.

„Þetta er mjög mikið áfall fyrir þýska boltann og menn eru verulega svekktir yfir þessu. Stóra áfallið var Flensburg því Lemgo hefur verið í basli síðsutu vikur og ekki margir sem bjuggust við því að þeir myndu slá Celje út. Slóvenarnir eru einfaldlega of sterkir. Svo var mjög jafnt hjá Kiel en engum datt í hug að Flensburg myndi detta út. Það fannst mönnum vera alveg óhugsandi," sagði Alfreð en 13 marka sigur liðsins gegn franska liðinu Montpellier dugði ekki til þar sem Flensburg tókst á einhvern ótrúlegan hátt að tapa fyrri viðureigninni með 14 mörkum. „Það vantaði menn hjá Montpellier og ég held það gæti hafa verið vanmat í gangi. Svo voru dómararnir slakir og engin markvarsla hjá Flensburg."

Alfreð segir að þýsk félagslið leggi mestan metnað í þýsku deildina en það þýði samt ekki að þau hafi lítinn metnað fyrir Evrópukeppnina.

„Flest þýsk lið myndu frekar vilja vinna deildina en Evrópukeppnina, enda er það erfiðari keppni og meira sem þarf til að vinna."

henry@frettabladid.is



**AUÐVELT HJÁ MAGDEBURG** Lærisveinar Alfreðs Gíslasonar hjá Magdeburg eru komnir í undanúrslit EHF-keppninnar eftir auðveldan sigur á lærisveinum Dags Sigurðssonar í Bregenz. Það gekk ekki eins vel hjá þýskum liðum í Meistaradeildinni. Stefan Kretzschmar skorar hér fyrir Magdeburg án þess að Kristijan Ljubanovic og Dagur komi nokkrum vörnum við. Fréttablaðið/AP


## Húsbréf

# Útdráttur húsbréfa

Nú hefur farið fram útdráttur húsbréfa í eftirtöldum flokkum:

**1. flokki 1989 – 58. útdráttur**
**1. flokki 1990 – 55. útdráttur**
**2. flokki 1990 – 54. útdráttur**
**2. flokki 1991 – 52. útdráttur**
**3. flokki 1992 – 47. útdráttur**
**2. flokki 1993 – 43. útdráttur**
**2. flokki 1994 – 40. útdráttur**
**3. flokki 1994 – 39. útdráttur**

Koma þessi bréf til innlausnar 15. maí 2005.

Öll númerin verða birt í Lögbirtingablaðinu. Auk þess eru númer úr fjórum fyrsttöldu flokkunum hér að ofan birt í DV, þriðjudaginn 15. mars. Upplýsingar um útdregin húsbréf má einnig finna á heimasíðu Íbúðalánasjóðs: *www.ils.is*.

Íbúðalánasjóður

Borgartúni 21 | 105 Reykjavík | Sími 569 6900 | Fax 569 6800

HVÍTA HÚSIÐ / SÍA


Ásgeir Sigurvinsson og Logi Ólafsson tilkynntu landsliðshópinn í gær:

# Aðeins tveir framherjar í hópnum

**FÓTBOLTI** Ásgeir Sigurvinsson og Logi Ólafsson tilkynntu í gær 18 manna hópinn sem mun spila fyrir Íslands hönd í leikjunum gegn Króötum í undankeppni HM annars vegar og vináttuleikinn gegn Ítölum hins vegar sem fram fara 26. og 30. mars. Ýmislegt í vali Ásgeirs og Loga vekur athygli, einna helst það að ekki nema tvo framherja er að finna í hópnum. Það verður því ekki annað ályktað en að áherslan liggi í varnarleiknum.

Ásgeir boðaði áherslubreytingar í samtali við Fréttablaðið í gær. „Það kemur alveg til greina að spila með einn framherja en það er klárt mál að liðið þarf að bæta varnarleikinn frá síðustu leikjum," sagði Ásgeir og bætti við að þannig væri eðlilegt að meiri áhersla sé á að velja menn sem spiluðu aftar á vellinum. „Við munum breyta varnarkerfinu hjá okkur."

Bjarni Guðjónsson kemur inn í hópinn á nýjan leik, að hluta til á kostnað bróður síns Þórðar sem hefur verið sveltur tækifærum hjá Stoke að undanförnu. Ekkert pláss er fyrir Þórð að þessu sinni en hann hefur átt fast sæti í liðinu allt frá því að Ásgeir og Logi tóku við stjórnartaumum liðsins og þá hefur jafnan litlu skipt hvort hann hafi verið að spila fyrir sitt félagslið eður ei. „Það sem gerir útslagið með Þórð núna er að við munum ekki spila með vængbakverði eins og við erum vanir og Þórður er vanur að spila. Auk þess hjálpar ekki til þegar menn ná ekki að festa sig í sessi hjá sínum félagsliðum."

Aðspurður um hvort Rúnar Kristinsson, leikreyndasti leikmaður íslenska landsliðsins, hafi ekki gefið kost á sér segir Ásgeir ekki svo vera. Hann segir Rúnar ekki hafa treyst sér í verkefnið. „Hann er búinn að eiga í meiðslum undanfarið og hefur verið veikur síðustu vikuna og treysti sér einfaldlega ekki í þetta skiptið. Með því að gefa ekki kost á sér væri Rúnar að segja að hann vilji ekki spila með liðinu en hann hefur ekki sagt sitt síðasta með landsliðinu. Þetta er að sjálfsögðu ekki gott því ég hefði sannarlega viljað hafa hann í hópnum," segir Ásgeir.

Kári Árnason er eini nýliðinn og Grétar Rafn Steinsson kemur inn í hópinn á nýjan leik. Ásgeir segist hafa séð þessa leikmenn nýlega og hrifist mjög að þeirra frammistöðu. „Þetta eru framtíðarleikmenn og þeir eru tilbúnir. Annars hefði ég ekki valið þá."

vignir@frettabladid.is



**LANDSLIÐSÞJÁLFARARNIR** Ekki ber á öðru en að varnarleikur verði í fyrirrúmi hjá þeim Loga og Ásgeiri í leikjunum gegn Króötum og Ítölum í lok mánaðarins.

### ÍSLENSKI HÓPURINN

| | |
|---|---|
| **Markmenn:** | |
| Árni Gautur Arason | Vålerenga |
| **Kristján Finnbogason** | **KR** |
| **Aðrir leikmenn:** | |
| Hermann Hreiðarsson | Charlton |
| **Brynjar Björn Gunnarsson** | **Watford** |
| Arnar Þór Viðarsson | Lokeren |
| **Eiður Smári Guðjohnsen** | **Chelsea** |
| Heiðar Helguson | Watford |
| **Pétur Marteinsson** | **Hammarby** |
| Jóhannes Karl Guðjónsson | Leicester |
| **Indriði Sigurðsson** | **Genk** |
| Ólafur Örn Bjarnason | Brann |
| **Gylfi Einarsson** | **Leeds** |
| Bjarni Guðjónsson | Plymouth |
| **Hjálmar Jónsson** | **IFK Göteborg** |
| Kristján Örn Sigurðsson | Brann |
| **Stefán Gíslason** | **Keflavík** |
| Grétar Rafn Steinsson | Young Boys |
| **Kári Árnason** | **Djurgarden** |

Þjálfaramál Njarðvíkur í körfuboltanum:

# Óvissa með Einar Árna

**KÖRFUBOLTI** Ekki er víst hvort Einar Árni Jóhannsson stýrir Njarðvíkurliðinu í Intersport-deildinni á næsta tímabili en liðið datt eins og kunnugt er óvænt út úr 1. umferð úrslitakeppninnar á sunnudaginn eftir tap gegn ÍR í Seljaskóla.

Einar Árni tók við liðinu af Friðriki Ragnarssyni síðasta sumar og skilaði bikarmeistaratitli í hús. Óvænt tap gegn ÍR í úrslitakeppninni gerir það hins vegar að verkum að óvíst er hvort hann verði áfram með liðið.

Valþór Jónsson, varaformaður körfuknattleiksdeildar Njarðvíkur, sagði í samtali við Fréttablaðið í gær að Njarðvíkingar væru enn að sleikja sárin eftir tapið gegn ÍR og þjálfaramálum hefði enn sem komið væri verið lítill gaumur gefinn.

„Við förum í þessi mál fljótlega,“ sagði Valþór og bætti við að hann teldi stöðu Einars Árna sterka. „Það er ekki við þjálfarann að sakast – það var eitthvað annað að klikka hjá okkur,“ sagði Valþór.

Einar Árni Jóhannsson vildi ekki tjá sig um málið þegar Fréttablaðið ræddi við hann í gær. „Ég verð að segja pass,“ sagði hann. ■



**EINAR ÁRNI JÓHANNSSON** Skilaði bikarmeistaratitli til Njarðvíkinga en óvíst er hvort það dugi til að halda starfinu hjá kröfuhörðum Njarðvíkingum. Fréttablaðið/Stefán






**RÚSSAJEPPINN AÐ BRAGGAST** Sigfús Sigurðsson verður væntanlega klár í slaginn eftir rúman mánuð.

Sigfús Sigurðsson:

# Klár eftir mánuð

**HANDBOLTI** Það styttist í að landsliðsmaðurinn Sigfús Sigurðsson geti farið að leika handknattleik á ný en hann hefur nánast ekkert leikið í vetur vegna meiðsla. Sigfús hefur tvisvar þurft að leggjast undir hnífinn á einu ári og voru margir búnir að afskrifa kappann. Þjálfari Sigfúsar, Alfreð Gíslason, segir hann þó allan að koma til og vonast til að geta notað hann fljótlega.

„Það eru svona fjórar vikur í Sigfús. Hann er byrjaður að hlaupa en ekkert byrjaður að æfa með okkur,“ sagði Alfreð. „Það væri ekki verra að fá hann fljótlega. Hann hefur nánast ekkert leikið með okkur í ár og ég get svo sannarlega nýtt krafta hans í vörninni hjá okkur.“ - hbg

Enska bikarkeppnin:

# Dregið í gær

**FÓTBOLTI** Dregið var í ensku bikarkeppninni í knattspyrnu, FA Cup, í gær. Manchester United, núverandi bikarhafi, mætir Newcastle sem hefur verið á miklu skriði undanfarið og vann á dögunum sinn sjöunda leik í röð. Blackburn fær hins vegar það erfiða verkefni að leika gegn Arsenal en flestir telja að Arsenal sé líklegast til að bera sigur úr býtum í keppninni. Leikirnir fara fram í Cardiff 16. og 17. ■

QUICKSILVER
Sportbátar



www.velasalan.is
Skoðið úrvalið á heimasíðu okkar og tryggið ykkur bát fyrir sumarið.
VÉLASALAN
Ánanaust 1 - Sími 580 5300
velasalan@velasalan.is

MARSTILBOÐ
Á NISSAN HJÁ INGVARI HELGASYNI
NISSAN
SKIPT_um væntingar

Gengi um þrjúleytið 14. mars 2005
USD 58.70
JPY 0.56
EUR 78.68



EKKI LÁTA 200.000 KR. KAUPAUKA GANGA ÞÉR ÚR GREIPUM!
Dráttarbeisli, þakbogi og 33” dekk eru á öllum Nissan Patrol jeppum sem keyptir eru í mars 2005.

NISSAN PATROL
Þó að hann sé nú þegar í uppáhaldi þeirra sem þekkja til fjórhjóladrifinna bíla þá eru núna sterkari rök fyrir því að þú veljir Nissan Patrol GR en nokkru sinni fyrr. Nýja 3,0 lítra túrbó dísilvélin með beinni innspýtingu er með allt að 40% meira tog og 20% meira afl en eldri vélar. Hún er um leið sparneytnari, hröðunin er meiri og dráttur eftirvagna auðveldari.

Luxury 3,0 TDI dísil
– Sjálfskiptur
– 160 hestöfl
– 5 dyra

PATROL LUXURY 3,0
Eldra listaverð: ~~4.580.000~~
Nýtt listaverð: 4.360.000

www.nissan.is
Nánari upplýsingar um Nissan bílaflotann hjá Ingvari Helgasyni færðu á www.nissan.is

Ingvar Helgason | Sævarhöfða 2 Sími 525 8000 www.ih.is | Opið: Mánudaga – föstudaga kl. 9:00–18:00 og laugardaga kl. 12:00–16:00

Hrísmýri 2a, 800 Selfossi, 482-3100 | Eyrarlandi 1, 530 Hvammstanga, 451-2230 | Sæmundargötu 3, 550 Sauðárkróki, 453-5141 | Holtsgötu 52, 260 Njarðvík, 421-8808 | Dalbraut 2b, 300 Akranesi, 431-1376 | Víkurbraut 4, 780 Höfn í Hornafirði, 478-1990 | Búðareyri 33, 730 Reyðarfjörður, 474-1453 | Sindragötu 3, 400 Ísafjörður, 456-4540 | Óseyri 5, 603 Akureyri, 461-2960

Fiton/SÍA FI012197

Viðurkennd virkni

Bogense sápan



Nuddsápan sem stinnir og grennir líkamann

Vinnur á appelsínuhúð

Fæst í apótekum

MASTER

HITABLÁSARAR




ÞÓR HF
Reykjavík - Akureyri

Reykjavík: Ármúla 11 - sími 568-1500
Akureyri: Lónsbakka - sími 461-1070

## STUÐ MILLI STRÍÐA | Réttur framsóknarmaður á röngum stað

**ÞÓRARINN ÞÓRARINSSON** KANN EKKI AÐ FARA MEÐ VÖGGUGJAFIRNAR OG ER ÞVÍ EKKI FRÉTTASTJÓRI



MYND: HELGI SIGURÐSSON

Ég er frekar langt niðri þessa dagana og óhress með stöðu mína í lífinu. Ég missti nefnilega af feitu djobbi um daginn einungis vegna þess að ég er svifaseinn, utan við mig og hef aldrei kunnað að spila vel úr þeim spilum sem ég er með á hendi

Ég ætti núna, með réttu, að sitja á nýju skrifstofunni minni í Efstaleitinu með bókina Vinsældir og áhrif eftir Dale Carnegie opna á borðinu, brjótandi heilann um hvernig best sé að fá heilan haug gramra undirmanna til þess að líka vel við mig og vinna brosandi undir minni stjórn.

Ég væri nefnilega fréttastjóri Fréttastofu Ríkisútvarpsins ef ég hefði bara haft rænu á því að sækja um starfið. Ég áttaði mig bara of seint á því að staðan væri eyrnamerkt mér, auk þess sem ég ber svo mikla virðingu fyrir því þrautreynda og veðraða fagfólki sem sótti um að það hvarflaði ekki að mér að keppa við það um stöðuna.

Ég sé það núna að ég hefði burstað þetta enda stend ég klár á því að ég bjóði upp á enn sterkari genablöndu en nýi fréttastjórinn. Séra Sigurður Einarsson, langafi minn, gegndi þessu starfi fyrstur manna og Þórarinn Þórarinsson, afi minn, sat í Útvarpsráði í rúma tvo áratugi og var innsti koppur í framsóknarbúrinu þannig að ég hef verið stimplaður framsóknarmaður frá fæðingu.

Mér finnst því (framsóknar)menn hafa leitað langt yfir skammt að fréttastjóra sem væri þeim þóknanlegur. Ég verð að segja það. Og þó mér hafi láðst að sækja um hefði nú verið allt í lagi að slá á þráðinn og benda mér á að starfið biði eftir mér. Það er þó alls ekki öll nótt úti enn og ég geri ráð fyrir að taka við af Jóhanni Haukssyni á Rás 2 innan tíðar. Nú sæki ég í það minnsta um. Ég klikkaði síðast á því að ganga að því sem gefnu að framsóknarmenn væru hættir að hlutast til um mannaráðningar eftir að SÍS fór á hausinn yfirfullt af vanhæfum pabbastrákum í flestum stjórnunarstöðum. ■

VILTU SKJÓL Á VERÖNDINA?



MARKISUR



www.markisur.com

Hrein Fjárfesting ehf

REX

Dalbraut 3, 105 Reykjavík · Nánari upplýsingar í síma 567-7773 og 893-6337 um kvöld og helgar

## myndasögur

### PONDUS

Eftir Frode Överli




### GELGJAN

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### PÚ OG PA

Eftir SÖB




### KJÖLTURAKKAR

Eftir Patrick McDonnell




### BARNALÁN

Eftir Kirkman/Scott






# Hvað sem er getur gerst

## LEIKLIST

VALGEIR SKAGFJÖRÐ

**Draumaleikur**

Leikfélag Reykjavíkur í samvinnu við Nemendaleikhúsið sýnir í Borgarleikhúsinu

**Höfundur:** August Strindberg **Leikstjóri:** Benedikt Erlingsson **Leikmynd:** Grétar Reynisson **Búningar:** Stefanía Adolfsdóttir **Tónlist:** Pétur Þór Benediktsson **Lýsing:** Lárus Björnsson **Leikarar:** Jóhanna Friðrika Sæmundsdóttir, Pétur Einarsson, Guðmundur Ólafsson, Halldór Gylfason, Atli Þór Albertsson, Aðalbjörg Þóra Árnadóttir, Ólafur Steinn Ingunnarson, Björn Ingi Hilmarsson, Halldóra Geirharðsdóttir, Oddný Helgadóttir, Guðrún Ásmundsdóttir, Sara Dögg Ásgeirsdóttir, Jóhannes Haukur Jóhannesson, Guðjón Davíð Karlsson, Theódór Júlíusson, Orri Huginn Ágústsson.

**Niðurstaða:** Það er augljóst að Benedikt er hugmyndaríkur leikstjóri. Leikarahópurinn er bæði litríkur og samhentur, en Nemendaleikhúsið týndist hálfpartinn inni í heildarkonseptinu.

Ef athyglin ætti að vera á þeim leikaraefnum sem útskrifast nú í vor verður að horfast í augu við þá staðreynd að þetta verkefni gefur þeim afskaplega lítið í listrænum þroska sem leikarar. Þau fá að vísu að spreyta sig á stóru sviði og það er allt gott um það að segja. Enn og aftur verð ég fyrir vonbrigðum hvað varðar vinnu leikstjórans með hverjum einstaklingi.

Ekki er mér kunnugt um hvort Benedikt hefur fylgst með þessum krökkum í vetur en hann hefur ekki fókusinn á að vinna með leikaraefnunum heldur er hann fyrst og fremst á heildaryfirbragði sýningarinnar. Enn hef ég ekki séð þessa krakka taka á og enn hef ég ekki séð neinn þeirra spreyta sig á því að vinna til hlítar alvöru hlutverk þar sem reynir á alla þætti námsins. Enn og aftur er verið að vinna með þau sem hóp og þessi sýning á Draumleik er þriðja „ensemble"-sýningin sem ég sé þau leika og enn einu sinni eru þau að vinna með fantasíu svo ekki er fjölbreytninni fyrir að fara né breidd í verkefnavali.



**DRAUMLEIKUR** Nemendaleikhúsið spreytir sig þessa dagana á Draumleik eftir August Strindberg í Borgarleikhúsinu, þar sem reyndir leikarar úr Leikfélagi Reykjavíkur standa með ungu leikaraefnunum á sviðinu.

Sýningin sem boðið er upp á í Borgarleikhúsinu er vissulega áhugaverð og spennandi. Snilldar leikmynd hjá Grétari, ljósaspil Lárusar Björnssonar gælir við allt sviðið og tónlistin hreint út sagt frábær og féll vel að verkinu.

Það er augljóst að Benedikt er hugmyndaríkur leikstjóri. Leikarahópurinn er bæði litríkur og samhentur, en Nemendaleikhúsið týndist hálfpartinn inni í heildarkonseptinu og reyndari leikarar hússins höfðu svo miklu meira að gefa en þeir ungu sem útskrifast í vor.

Sumir sáust harla lítið eða ekki neitt, sbr. Orri Huginn og Atli Þór. Sömu sögu er hægt að segja um Söru Dögg og Aðalbjörgu Þóru.

Jóhanna Friðrika lék aðalhlutverkið, þ.e. Agnesi sem gengur í gegnum verkið. Það vantaði ekki smartheitin þegar hún sveif úr salnum upp á svið og til baka í lokin en einhverju er sárlega ábótavant í þjálfun hennar í að vinna með líkamann, sem er mikilvægasta tjáningartæki leikarans. Hún virkaði heft, eins og henni liði ekki vel í eigin líkama og hvíldi þar af leiðandi ekki í hlutverkinu sem skyldi.

Ég var reyndar ánægður með Ólaf Stein, sem mér hefur fundist bera skarðan hlut frá borði í vetur. Hann hreif mig í hlutverki hins ástsjúka liðsforingja.

Jóhannes Haukur er búinn að syngja og spila á gítar í hverri einustu sýningu í vetur og það sem ég hef séð til hans hefur reynst honum of auðvelt. Ég vil sjá hann glíma við eitthvað sem hann þarf að hafa meira fyrir.

Oddný á miklu meira inni að mínu viti en hafði úr of litlu að spila. Guðjón Davíð fær hér enn eitt tækifæri til að sýna að við getum vænst einhvers af honum í framtíðinni en aðrir úr hópnum náðu bara alls ekki til mín.

Það er eins og Leiklistarskólinn (Leiklistardeild Listaháskólans) hafi fjarlægst leikhúsið. Ég get ekki að því gert að mér finnst einhver brotalöm í leiklistarnáminu. Ég hefði viljað sjá leikaraefnin vaxa með hverju verkefni en mér finnst þau mörg hver á sama stað og fyrst í haust þegar ég sá þau í hinum Draumnum. Það má gera meiri kröfur til þeirra.

Ég hef efasemdir um gildi svona samstarfsverkefna sem virðast fremur til þess fallin að gefa leikhúsinu kost á að setja upp mannmargar sýningar en að nýtast í leiklistarnáminu sem slíku. ■

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

MARS

12 13 14 **15** 16 17 18

**Þriðjudagur**

### KVIKMYNDIR

